



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

„Sú skúfun varð ævilöng“

*Um rithöfundinn Málfríði Einarsdóttur
og verk hennar Úr sálarkirnunni*

Ritgerð til MA-prófs í íslenskum bókmenntum

Guðrún Steinþórsdóttir

Maí 2013

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Íslenskar bókmenntir

„Sú skúfun varð ævilöng“

*Um rithöfundinn Málfríði Einarsdóttur
og verk hennar Úr sálarkirnunni*

Ritgerð til MA-prófs í íslenskum bókmenntum

Guðrún Steinþórsdóttir

Kt.: 021087-2899

Leiðbeinendur: Benedikt Hjartarson

Bergljót Soffía Kristjánsdóttir

Maí 2013

Ágrip

Rithöfundurinn Málfríður Einarsdóttir (1899-1983) vakti mikla athygli þegar hún gaf út sína fyrstu bók árið 1977, orðin 78 ára. Alls urðu bækur hennar sex talsins en þar af komu tvær út að henni látinni. Málfríður skrifaði fjórar bækur af sjálfsævisögulegu tagi en í þeim ræðir hún gjarnan um líðan sína, veikindi og sársauka. Ein þessara bóka er *Úr sálarkirnunni* (1978) en um hana er fjallað hér. Verkið er greint með tólum og tækjum hugrænna fræða sem kynnt eru jafnóðum í greiningu. Þá er meðal annars vikið að líkamsmótun vitsmunanna (e. *embodied cognition*) rætt um líkingar (e. *metaphors*), íróniú, samhug (e. *intermental thought*) og hugarlestur (e. *mind reading*). Gefinn er gaumur að útgáfusögu Málfríðar og fjallað um samstarf hennar við útgefanda sinn, Sigfús Daðason. Þar sem verk Málfríðar er sjálfsævisögulegt er tekin afstaða til hvað skuli kalla þetta „ég“ sem birtist á síðum bókarinnar; sömuleiðis hvort rétt sé að nota hugtökin sögumaður, söguhöfundur og raunverulegur höfundur þegar texti Málfríðar er skoðaður. Niðurstaðan er sú að sögumannshugtakið sé óþarft en söguhöfundarhugtakið brýnt. Sjónum er einnig beint að því hvernig Málfríður sviðsetur sjálfa sig í *Úr sálarkirnunni*. Einkum er skoðað hvernig hún aðgreinir sig frá öðrum út frá líkama sínum, veikindum og samfélagsstöðu en í sömu mund hvernig samfélagið er samhuga um að gera hana að jaðarpersónu. Þar að auki er kannað hvaða aðferðum Málfríður beitir til að lýsa þunglyndi sínu og öðrum sjúkdómum.

Abstract

The author Málfríður Einarasdóttir (1899-1983) got a lot of attention in 1977 when, at the age of 78 years, her first book was published. In total she wrote six books, of which two were published after her death. Málfríður wrote four autobiographical books where she frequently talks about her ill health and pain. One of these books is *Úr sálarkirnunni* (1978) which forms the main topic of this thesis. The book is analysed by using cognitive methods. Embodied cognition is discussed, as well as metaphors, irony, intermental thought and mind reading. The story is covered from writing to publishing as well as Málfríður's cooperation with her editor and publisher, Sigfús Daðason. Since Málfríður's book is an autobiography a stand is taken regarding what „I“ as it appears in the book should be called. Furthermore, whether it is right to use the concepts „narrator“, „implied author“ and „real author“ when Málfríður's text is analysed. The conclusion is that there is no need for the „narrator“ concept but the „implied author“ concept is important. The way Málfríður plants herself in the book *Úr sálarkirnunni* is also discussed. Especially how she differentiates herself from others by using her body, illness and her position in society and at the same time how society intermentally puts her aside. Last but not least Málfríður's methods to describe her depression and other illnesses are investigated.

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Abstract	4
Þakkir	6
I Inngangur	7
II Rithöfundurinn Málfríður	10
II.I Útgáfusaga Málfríðar	10
II.II Hver er þessi „ég“?	15
II.II.I Frásagnarfræði – eldri hugmyndir og nýjar	17
III Málfríður og samfélagið	23
III.I Áhrif líkamans í frásögn	23
III.II Líkami í andstöðu	26
III.III Skoðun samfélagsins	33
III.III.I „Sú skúfun varð ævilöng“	35
III.III.II Rithöfundar og skáldagrillur	41
IV Málfríður og veikindin	45
IV.I Hvað er sársauki?	45
IV.II „Af allri þísl og kvalræði er Svartapísl verst því hún étur sálina“	49
V Lokaorð	58
VI Heimildir	60

Þakkir

Ég vil þakka leiðbeinendum mínum þeim Bergljótu Soffíu Kristjánsdóttur og Benedikt Hjartarsyni fyrir gott samstarf og gagnlegar ábendingar við gerð þessarar ritgerðar. Guðný Ýr Jónsdóttir veitti mér aðgang að ýmsum óbirtum gögnum sem komu að góðum notum auk þess sem hún las lokadrög ritgerðarinnar yfir og kom með nytsamlegar ábendingar. Henni færi ég mínar bestu þakkir fyrir. Foreldrum mínum Steinþóri Guðbjartssyni og Guðlaugu Guðmundsdóttur þakka ég kærlega fyrir yfirlestur á ritgerð og hvatningu. Þá vil ég þakka vinkonum mínum Auði Stefánsdóttur og Brynhildi Stefánsdóttur fyrir yfirlestur, uppörvun og góð ráð.

I Inngangur

Hún er óþrjótandi náma fyrir þá sem vilja að bækur séu dálítið skrýtnar og helst skemmtilegar. Málfríður er nú hátt á áttæðisaldri, en á vonandi eftir að setja saman margar bækur. Í mínum augum eru þessar tvær bækur hennar með ánægjulegri tíðindum úr bókmenntaheiminum. Af hnitmiðuðum en um leið frjálsegum stíl hennar geta hvolpar í rithöfundastétt lært. Hinum gömlu þýðir ekki að kenna að sitja.¹

Á þessa leið hljómar stutt brot úr jákvæðum ritdómi Jóhanns Hjálmarssonar um bókina *Úr sálarkirnunni* eftir Málfríði Einarsdóttur. Bókin, sem kom út árið 1978, var annað verk höfundar en eins og í fyrsta verki hennar, *Samastað í tilverunni* (1977), er um að ræða verk af sjálfsævisögulegu tagi. Efnið í *Úr sálarkirnunni* er afar fjölbreytt en það er sett saman úr ólíkum textabrotum sem innihalda meðal annars lýsingar á mönnum og málefnum, samfélagslýsingar og ferðalýsingar auk lýsinga á heilsufari Málfríðar. Jóhanni Hjálmarssyni varð að ósk sinni því Málfríður átti eftir að senda frá sér fjórar bækur til viðbótar, þar af tvær skáldsögur og tvær bækur í sjálfsævisögulegum dúr.

Ýmislegt hefur verið skrifað um Málfríði og verk hennar. Ef frá eru taldir ritdómar og viðtöl við Málfríði má nefna ýmsar greinar. Til dæmis má benda á eftirmála Sigfúsar Daðasonar í *Rásun dægranna* (1986) en þar ræðir hann meðal annars um samstarf sitt við Málfríði og mismunandi frásagnir hennar.² Árið 1994 birtist í *Fléttum. Riti Rannsóknastofu í kvennafræðum* kafli eftir Ragnhildi Richter um sjálfsævisögur Málfríðar.³ Rithöfundurinn Guðbergur Bergsson leigði herbergi hjá Málfríði um tíma en um sambúð þeirra skrifaði hann grein sem birtist í *Skírni* árið 1990.⁴ Ellefu árum síðar skrifaði Sveinn Yngvi Egilsson grein um Málfríði og Guðberg þar sem hann beitir kenningum Gastons Bachelard um skáldskaparrými á lausamál þeirra.⁵ Þá hafa verið skrifaðar fjórar lokaritgerðir við Háskóla Íslands um Málfríði. Í þeim er meðal annars rætt um persónulýsingar og umfjöllunarefni í sjálfsævisögulegum bókum hennar, ljóðapýðingar og viðtökusögu.⁶ Einnig hefur verið rituð grein um bréf Málfríðar og önnur um saumaskap hennar.⁷ Þessi upptalningin er alls ekki tæmandi en hún sýnir að menn hafa nálgast Málfríði og verk hennar úr ólíkum áttum.

¹ Jóhann Hjálmarsson 1978

² Sjá Sigfús Daðason 1986

³ Sjá Ragnhildur Richter 1994

⁴ Sjá Guðbergur Bergsson 1990

⁵ Sjá Sveinn Yngvi Egilsson 2001

⁶ Sjá Solveig K. Jónsdóttir 1982, Sigrún Þorvarðardóttir 1991, Hákon Skúlason 2002 og Eiríksína Kristbjörg Ásgrímsdóttir 2005

⁷ Sjá Ingunn Þóra Magnúsdóttir 1986 og 1989

Í þessari ritsmíð er rithöfundurinn Málfríður Einarsdóttir til umfjöllunar en þó einkum og sér í lagi verk hennar *Úr sálarkirnunni*. Markmiðið með ritgerðinni er fyrst og fremst að kanna hvernig Málfríður sviðsetur sig í verkinu, ræðir um stöðu sína í samfélaginu og fjallar um veikindi sín og sársauka. Þá verður einnig hugað að útgáfusögu hennar og samstarfi við útgefanda sinn, Sigfús Daðason. Rannsóknarspurning ritgerðarinnar er tvíþætt, annars vegar snýst hún um hvað skuli kalla þetta „ég“ sem birtist á síðum bókarinnar og hins vegar hvaða áhrif líkamsmótun vitsmunanna hafi á frásögn Málfríðar. Við greiningu verður leitað í smiðju hugrænna fræða en aðferðir þeirra hafa ekki verið notaðar áður á texta Málfríðar. Hugræn fræði nýtast einkar vel í greiningunni af því að þau telja brýnt að bókmenntafræði fái ekki aðeins við texta heldur leggi niður fyrir sér hvernig hugarstarfsemi jafnt höfunda sem lesenda skapar þá og markar.

Ritgerðin skiptist í þrjá kafla. Sá fyrsti fjallar um rithöfundarferil Málfríðar og útgáfusögu. Leitað verður svara við þeirri spurningu hvernig samstarfið hafi verið á milli Málfríðar og útgefanda hennar Sigfúsar Daðasonar og velt vöngum yfir áhrifum hans á verk hennar. Kynntar verða til sögunnar nýlegar kenningar í frásagnarfræði til að varpa ljósi á samband sögumanns, söguhöfundar og raunverulegs höfundar í *Úr sálarkirnunni* og spurt hvort þær séu nýtilegar í greiningu á textabrotum Málfríðar eður ei. Með hjálp þessara kenninga verður í lok kaflans lagt til hvað skuli kalla rödd bókarinnar. Það er hins vegar viðfangsefni annars kafla um hvað sú rödd talar og hvernig.

Í öðrum kafla verður spurt hver birtingarmynd Málfríðar sé í verkinu og þá helst hvernig hún upplifir stöðu sína í Reykjavík á fjórða áratugnum. Líkami Málfríðar og veikindi eru jafnan í brennidepli í sjálfsævisögulegum verkum hennar og verður því hugað gaumgæfilega að því hvernig hvort tveggja á þátt í að gera hana frábrugðna flestu öðru fólki. Með aðferðum hugrænna fræða, sem kynntar verða jafnharðan, verður kannað og greint hvernig Málfríður nýtir bæði líkingar og íróníu til að aðgreina sjálfa sig frá öðrum og eins hvernig hún beitir hugarlestri til að sýna að samfélagið sé samhuga um að ýta henni á jaðarinn. Í greiningunni verður meðal annars stuðst við líkingakenningu Georges Lakoffs og Marks Johnsons, kenningu Alans Palmers um samhugarvirkni og hugrænar kenningar um íróníu og hómor.

Þar sem veikindi Málfríðar skipa stóran sess í verki hennar verða þeim gerð sérstök skil í þriðja kafla. Í kaflanum verður haldið áfram að vinna með fyrrnefndar kenningar um líkingar, íróníu og hugarlestur en auk þess verður rætt um hvernig menn fjalla almennt um sársauka og veikindi og hvernig slíkar frásagnir orka á aðra. Einkum verður þó leitast við að

skoða hvaða aðferðir Málfríður notar til að lýsa þjáningum sínum og sársauka og þá helst í tengslum við upplifun hennar af Svörtupísl eða þunglyndi. Í lokakaflanum eru helstu niðurstöður dregnar saman.

II Rithöfundurinn Málfríður

II.I Útgáfusaga Málfríðar

Árið 1977 kom út fyrsta bók Málfríðar Einarsdóttur, *Samastaður í tilverunni*. Frásögnin vakti af ýmsum ástæðum mikla athygli til dæmis af því að í henni voru sett saman ólík textabrot, þar mátti sjá tilraunamennsku í skrifum og frásagnarhátturinn var breytilegur. En kannski skipti mestu hvað höfundurinn var gamall, en Málfríður var orðin 78 ára.⁸ Þrátt fyrir að hún hafi verið hnigin að aldri þegar *Samastaður í tilverunni* kom út átti hún eftir að senda frá sér eina skáldsagnapýðingu⁹ og fimm bækur til viðbótar, þar af þrjár af sjálfsævisögulegum toga og tvær skáldsögur. Að vísu skal tekið fram að tvær þær síðustu, skáldsagan *Tötra í glettingi* og textasafnið *Rásir dægranna*, komu út að Málfríði látinni en samsetning þeirrar síðari var alfarið í höndum Sigfúsar Daðasonar, útgefanda Málfríðar.

Bæði rithöfundarferill Málfríðar og útgáfusaga eru athyglisverð fyrir margar sakir. Þegar hugsað er um vinsældir *Samastadarins* verður að teljast merkilegt, að ekki skyldi hafa komið út bók eða bækur eftir Málfríði þegar hún var yngri, einkum ef haft er í huga að hún var sískrifandi alla ævi. Að vísu hafði hún áður látið á það reyna en ekki haft erindi sem erfiði. Í *Samastað í tilverunni* segir hún til að mynda frá því að þegar Sigfús Blöndal bókavörður var inntur eftir viðbrögðum við ljóðum Sigríðar, systur hennar, hafi hann ekki hvatt Sigríði til að gefa út ljóðabók en hvatt þær systur báðar til að halda áfram að bulla.¹⁰ Sigfús las einnig yfir ljóð Málfríðar en sama máli gegndi um þau og ljóð Sigríðar, hann „var ekki alveg ánægður“.¹¹ Frásögnin sýnir að hún hefur geymt í minni þegar skáldskapur hennar var afskrifaður. Afstaða Málfríðar sem birtist í frásögninni er hluti þeirrar sjálfsmýndar sem hún miðlar í sjálfsævisögulegum verkum sínum. Jón Helgason prófessor var jákvæðari og uppbyggilegri í garð Málfríðar en Sigfús Blöndal. Í viðtali árið 1977 við Steinunni Sigurðardóttur rithöfund segir Málfríður að Jón hafi bæði hvatt hana til að skrifa og lesið yfir efni frá henni þegar hún dvaldi á Finsen, sjúkrahúsi í Kaupmannahöfn, um miðja síðustu öld. Hún tók hann á orðinu en af útgáfu bókar varð þó ekki vegna þess að útgefendur treystu sér ekki í verkefnið. Málfríður hélt engu að síður ótrauð áfram að skrifa og er bókin *Samastaður í*

⁸ Sjá t.d. Rannveig G. Ágústsdóttir 1978, Inga Huld Hákonardóttir 1978 og Sigurlaugur Brynleifsson 1977

⁹ Skáldsagan sem hér er um ræðir er *Dvergurinn* eftir Pär Lagerkvist en hún kom út í íslenskri þýðingu Málfríðar árið 1982. Sjá Lagerkvist 1982. Þess ber að geta að Málfríður var ötull þýðandi. Hún birti töluvert af ljóðapýðingum sínum í hinum ýmsu tímaritum en þar fyrir utan þýddi hún einnig smásögur og skáldsögur.

¹⁰ Sjá Málfríður Einarsdóttir 2008:256-257

¹¹ Málfríður Einarsdóttir 2008:256

tilverunni þar af leiðandi samansafn textabrota sem skrifuð eru á rúmlega þrjátíu árum, ýmist í Kaupmannahöfn eða í Reykjavík.¹²

Í minningargrein um Málfríði segir Sigfús Daðason að handrit Málfríðar að *Samastað í tilverunni* hafi verið handskrifað. Telur Sigfús það vera meginskýringuna á hvers vegna enginn hafi viljað gefa verkið út.¹³ Ekki var nóg með að handritið væri handskrifað heldur voru sumir hlutar þess til í fleiri en einni útgáfu.¹⁴ Ástæða þess að verkið var um síðir gefið út er sú að Elías Mar rithöfundur, sem Málfríður nefndi „meistara í skrifámenntinni“,¹⁵ vélritaði upp handritið og sýndi Sigfúsi. Hann var á þeim tíma búinn að stofna útgáfufyrirtækið Ljóðhús og vildi umsvifalaust gefa bókina út.¹⁶ Eða eins og Málfríður komst sjálf að orði: „Ég sýndi þetta nokkrum, en fékk til baka með ólundarsvip. Sigfús Daðason kom eins og líknandi engill.“¹⁷ Þá kemur að hinu sem er ekki síður merkilegt í útgáfusögu Málfríðar en það er samband hennar og Sigfúsar eða með öðrum orðum samband höfundar og útgefanda.

Vegna þess hve fullorðin Málfríður var þegar útgáfuferill hennar hófst og vegna þess að handrit hennar var eins og það var, handskrifað og margir hlutar þess til í mörgum útgáfum, segir það sig sjálft að mikil vinna hlýtur að hafa legið að baki útgáfunni. Sú vinna var einkum í höndum Sigfúsar. Við útgáfu á verkum Málfríðar var hann því ekki aðeins í hlutverki útgefanda heldur gerðist hann einnig safnari (e. *collector*). Í greininni „Eduard Fuchs, safnari og sagnfræðingur“ (2002), fjallar Walter Benjamin meðal annars um hvað felst í því að vera safnari. Hann segir að þó að safnarar geti verið af ólíku tagi eigi þeir það sameiginlegt að margþættar hvatir liggi á bakvið áhuga þeirra.¹⁸ Eins sé einkennandi fyrir þá að þeir stjórnist af ástríðu á efninu sem þeir hafa áhuga á að sanka að sér og kanna.¹⁹ Í tilviki Sigfúsar er vissulega um að ræða söfnun á skýrt afmörkuðum efnivið: textabrotum eftir Málfríði Einarsdóttur. Vegna þess að Sigfús var sjálfur allt í senn skáld, fræðimaður og útgefandi átti hann líklega auðveldara en ella með að ganga inn í hlutverk safnarans þegar kom að því að skoða og vinna úr textabrotum Málfríðar.

¹² Sjá Steinunn Sigurðardóttir 1977:2

¹³ Sjá Sigfús Daðason 1983:41 Í fyrirlestri sem Guðný Ýr Jónsdóttir, ekkja Sigfúsar, hélt um Málfríði í marsmánuði 2011 kemur jafnframt fram að handritið hafi verið skrifað með smáum stöfum. Sjá Guðný Ýr Jónsdóttir 2011:1-2

¹⁴ Sjá Guðný Ýr Jónsdóttir 2011:1-2

¹⁵ Sigfús Daðason 1983:41

¹⁶ Sjá Sigfús Daðason 1983:41

¹⁷ Þórunn Sigurðardóttir 1982

¹⁸ Sjá Benjamin 2002:261

¹⁹ Sjá Benjamin 2002:275

Það er ljóst að hlutverk Sigfúsar sem útgefanda verka Málfríðar var mun veigameira en hlutverk útgefanda er allajafna. Við vinnu á handriti að *Samastað í tilverunni*, sem og öðrum verkum Málfríðar, virðist hlutverk hans hafa verið þrjúþætt. Til að byrja með má nefna að sum textabrotin voru til í nokkrum útgáfum og því þurfti Sigfús að taka ákvörðun, í samráði við Málfríði, um hvaða gerð skyldi valin. Líklega hefur oft verið erfitt að segja til um hvaða þáttur var skrifaður síðast og því ekki endilega víst að sá hafi ratað inn í lokagerð handritsins eins og Málfríður hefur eflaust ætlast til einhvern tíma á ferlinum. Valið hefur með öðrum orðum ekki endilega stjórnast af aldri þáttanna heldur kannski fremur af því hver þeirra féll best að fagurfræðilegum hugmyndum Sigfúsar. Í útgáfu á öllum verkum Málfríðar var ritstjórn í höndum Sigfúsar. Það var þá í hans verkahring að koma með athugasemdir um hvað mætti betur fara í textanum, hvar mætti dýpka frásögnina, hverju mætti sleppa og svo framvegis. Í meistararitgerð sinni, *Mynd af Málfríði. Um viðtökusögu Málfríðar Einarsdóttur*, lýsir Eiríksína Kristbjörg Ásgrímsdóttir hvernig Sigfús og Málfríður skiptust á athugasemdum á próförkum og ákváðu á þann hátt í sameiningu hvernig skyldi haga textanum.²⁰ Margt bendir til þess að heimfæra megi þessa samvinnu á öll verk Málfríðar að undanskildum *Rásam dægranna* en um tilurð þess verks verður fjallað síðar. Einkennandi fyrir sjálfsævisögulegar bækur Málfríðar, *Samastað í tilverunni*, *Úr sálarkirnunni*, *Bréf til Steinunnar* og *Rásir dægranna*, er að uppröðun textabrotanna er ekki endilega í rétttri tímaröð miðað við ævi Málfríðar.²¹ Stafar það ekki síst af því að textarnir eru skrifaðir á mismunandi tímasteiðum, auk þess sem þeir eru sennilega ekki hugsaðir sem ein heild. Það kom því í hlut Sigfúsar að leggja niður fyrir sér hvernig honum fyndust textarnir falla best saman og hvernig uppröðuninni á þeim skyldi háttað. Og það er líklega í þeirri vinnu sem hugmyndin um safnarann á hvað best við um hann.

Þrátt fyrir að samvinna hafi verið á milli Sigfúsar og Málfríðar um val á textum, uppsetningu og uppröðun er ljóst að mark Sigfúsar á verk Málfríðar eru umtalsverð. En vegna þess hve persónulegar bækur Málfríðar eru, hefur Sigfús ekki einvörðungu haft áhrif á uppbyggingu verkanna heldur jafnframt á upplifun lesenda á Málfríði sjálfri, hugmyndum hennar og skoðunum. Það hefur hann gert með því að koma með ráð um hvaða textabrot væri vert að rötudu inni verk hennar og hver þeirra ekki og hvernig niðurskipan þeirra skyldi vera. Rannsóknarvinnan sem Sigfús hefur þurft að sinna hefur bæði verið mikil og margvísleg svo ekki sé talað um hvað hún hefur verið tímaflek. Það er því líklegt að hvorki *Samastaður í*

²⁰ Sjá Eiríksína Kristbjörg Ásgrímsdóttir 2005

²¹ Sjá Málfríður Einarsdóttir 2008, 1978, 1981 og 1986

tilverunni né aðrar bækur Málfríðar hefðu verið gefnar út ef ekki hefði verið fyrir þrautseigju Sigfúsar, áhuga hans og trú bæði á efni og höfundu. Góðar viðtökur á *Samastað í tilverunni* hafa líklega einnig átt sinn þátt í að Sigfús hélt áfram starfi sínu sem safnari og útgefandi.

Walter Benjamin telur að viðtökur verks séu kjarnaatriði þegar kemur að því að greina áhrif þess bæði á samtíma og framtíð. Að hans viti skipta bæði aðstæður og tími miklu máli en hvort tveggja hefur áhrif á viðtökur verks og einnig hvort það er samþykkt og metið að verðleikum.²² Fyrsta bók Málfríðar, *Samastaður í tilverunni*, féll í frjóan jarðveg þegar hún kom út. Ritdómar um verkið voru alla jafna jákvæðir og áhugi manna á Málfríði sjálfri mikill.²³ Bæði jákvæðnin og áhuginn héldu áfram með útkomu seinni bóka hennar.²⁴ Verk Málfríðar verða seint talin hefðbundin í stíl og framsetningu en vera má að einmitt sú staðreynd sé ein ástæða vinsælda þeirra. Á þeim tíma sem *Samastaðurinn* kom út var krafan um hefðbundin verk með línulegri atburðarás ekki eins mikil og þegar Málfríður sýndi mönnum fyrst verk sín enda módernisminn búinn að hasla sér völl í íslenskum bókmenntum og með útgáfu Sigfúsar verður hún hluti af þessari nýju módernísku hefð. Við bætist að áttundi áratugur síðustu aldar var blómatími rauðsokkanna og frumlegum kvenrithöfundum var tekið fagnandi af fulltrúum kvenfrelsis. Það liggur því í augum uppi að bæði tíminn og aðstæðurnar voru kjörin til að verk Málfríðar fengju athygli og samþykki.

Walter Benjamin nefnir í fyrrnefndri grein að ástríða safnarans leiði hann til að leita nýrra fanga í rannsóknum sínum og söfnun.²⁵ Auðvelt er að sýna hvernig hlutverk Sigfúsar sem safnara þróast. Hann vinnur með Málfríði að fyrstu fimm verkum hennar en eftir að hún er fallin frá gefur hann út eina bók til viðbótar, *Rásir dægranna*. Í athugasemd um verkið segir hann „Málfríður í þessari bók er að vísu að deyja; hún deyr con brio“²⁶; það er að segja hún deyr með fjöri. *Rásir dægranna* er í svipuðum dúr og aðrar bækur Málfríðar af sjálfsævisögulegu tagi. Efnistökin eru áþekkt en í bókinni má meðal annars finna dagbókarskrif, bréf, lýsingar á mönnum og ferðalögum, blaðgreinar, stuttar greinar um ýmis málefni svo sem listina, skáldskapinn og sálina að ógleymdum þætti um sögupersónuna Tötru sem þekkt er úr skáldsögum Málfríðar.²⁷ Það er þó einkum eitt sem greinir *Rásir dægranna* frá öðrum bókum Málfríðar en það er sú staðreynd að Sigfús vann hana einn en ekki í

²² Sjá Benjamin 2002:262

²³ Sjá t.d. Steinunn Sigurðardóttir 1977, Rannveig G. Ágústsdóttir 1978, Inga Huld Hákonardóttir 1978 og Sigurlaugur Brynleifsson 1977

²⁴ Sjá t.d. Dagný Kristjánsdóttir ofl. 1978, Inga Huld Hákonardóttir 1978 og 1979, Jóhann Hjálmarsson 1983, Rannveig G. Ágústsdóttir 1983 og 1986, Þórunn Sigurðardóttir 1982 og Guðbergur Bergsson 1990

²⁵ Sjá Benjamin 2002:282

²⁶ Sigfús Daðason:Grænakompa

²⁷ Sjá Málfríður Einarsdóttir 1986, 1979, 1983

samvinnu við Málfríði. Starf Sigfúsar sem útgefanda og safnara tekur þar af leiðandi breytingum: Hann er einn við stjórnartaumana. Hann ræður alfarið hvaða textar rata inn í bókina og í hvaða röð þeir birtast.

Í eftirmála *Rása dægranna* gerir Sigfús grein fyrir efni bókarinnar, niðurskipun efnis og erfiðri aldursgreiningu sumra textanna. Þar kemur víða fram löngun útgefanda til að gera einu og öðru skil í höfundarverki Málfríðar. Til dæmis segir á einum stað að útgefandi hafi ekki viljað láta hjá líða að kynna lesendum almennar blaðagreinar Málfríðar jafnvel þó sú kynning sé ófullkomin. Á öðrum stað segir að honum hafi ekki þótt rétt að ljúka útgáfu á verkum Málfríðar án þess að birta dæmi um bréfaskrif hennar.²⁸ Það er greinilegt að útgefanda er mikið í mun að gefa sem gleggsta mynd af höfundarverki Málfríðar en á sama tíma dregur hann upp ákveðna mynd af Málfríði sjálfri. Sigfús segir í eftirmálanum að ekki sé auðhlaupið að skilgreina Málfríði sem höfund.²⁹ Stafar það líklega einkum af því hve efniviður hennar er margvíslegur og hvað hún sýnir á sér margar hliðar sem rithöfundur. Auk þess virðist oft ríkja einhvers konar óreiða í skrifum hennar sem gæti valdið mörgum heilabrotum í skilgreiningu.³⁰ Um meint skipulagsleysi hennar segir Sigfús:

Sumum lesendum mun þykja að Málfríði hafi skort skipulagsgáfu í ritum sínum, og má það vera. En þess er þá að gæta að hún skrifaði (sáu skáldsögurnar þar láttnar liggja á milli hluta) naumast nema eina bók (*Samastað í tilverunni*) með þeirri ætlun beinlínis að koma henni á prent í bókarformi. Efni hinna bókanna var sett saman á ýmsum tímum og barst útgefanda í hendur smám saman. Bækurnar mótuðust því eftir því efni sem fyrir lá hverju sinni, en jafnvel þó gert hefði verið ráð fyrir þeirri fjarstæðu að allt efni þessara bóka hefði verið tilbúið þegar byrjað var að gefa út hina fyrstu, hefði það sjálfsagt breytt samsetningu bókanna að nokkru, en engu höfuðmáli hefði það skipt. Margbreytni, eða ef menn vilja heldur: skipulagsleysi rita Málfríðar, held ég hafi verið eiginlegt henni. Duglegur einkaritari hefði að líkindum komið „betra“ lagi á rit hennar, en hver veit nema þá hefði eitthvað glatast sem söknuður væri að.³¹

Í textanum hér að framan er ekki aðeins fjallað um kosti skipulagsleysis Málfríðar heldur einnig varpað ljósi á hvernig vinnunni við verk Málfríðar, eftir að *Samastaður í tilverunni* kom út, var háttað. Þrátt fyrir að þættir seinni bókanna hafi ekki verið til í mörgum útgáfum hefur Sigfús þó þurft að velja hvernig uppröðunin á textabrotunum ætti að vera. En um skipulagsleysið er það að segja að *Rásir dægranna* sker sig að nokkru úr bókum Málfríðar – séu skáldsögurnar tvær undanskildar – einmitt vegna þess að hún er skipulagðari en hinar.

²⁸ Sjá Sigfús Daðason 1986:286

²⁹ Sjá t.d. Sigfús Daðason 1986:288 þess má geta að Sigfús hafði í hyggju að skrifa ritgerð um höfundskap Málfríðar en entist því miður ekki ævin til þess. Sjá Guðný Ýr Jónsdóttir 2011:4

³⁰ Þess má geta að í viðtali við *Helgarpóstinn* 1988 veltir Steinunn Sigurðardóttir rithöfundur fyrir sér hvort ástæða þess að Málfríður hafi ekki verið metin meira í lifanda lífi kunni að stafa af því að mönnum hafi reynt flókið að skilgreina hana sem höfund. Sjá Freyr Þormóðsson 1988:23

³¹ Sigfús Daðason 1986:287-288

Bókin er sjö kaflar sem eiga það allir sameiginlegt að hafa kaflaheiti sem vísa til ákveðinna efnistaka og gefa þar með lesanda hugmynd um efni hvers þáttar fyrir sig.³² Ástæðan fyrir þessu er vafalaust sú að Sigfús sá alfarið um útgáfuna og hann hefur reynt að safna saman textum um svipuð málefni og birta saman í kafla til að gefa sem fyllsta mynd af höfundarverki Málfríðar. Útkoman, *Rásir dægranna*, sýnir svo sannarlega margar mismunandi hliðar á rithöfundinum Málfríði. En hún sýnir líka annað og það er myndin sem Sigfús hefur af Málfríði en sú mynd þarf hvorki að vera sú sama og Málfríður sjálf hafði af sér og vildi sýna öðrum eða aðrir lesendur hafa af henni.

II.II Hver er þessi „ég“?

Önnur bók Málfríðar Einarsdóttur, *Úr sálarkirnunni*, kom út ári á eftir *Samastað í tilverunni* eða árið 1978. Verkinu svipar til *Samastaðs í tilverunni* en báðar bækur eiga sameiginlegt að vera af sjálfsævisögulegu tagi, sagðar í fyrstu persónu og samsettar úr mörgum textabrotum. *Úr sálarkirnunni* samanstendur af níu köflum sem allir skiptast í undirkafla. Í verkinu fléttast saman ólíkir þættir eins og til dæmis lýsingar Málfríðar á líðan sinni og veikindum á misjöfnum tímasteiðum, samfélagslýsingar, ferðalýsingar og umhverfislýsingar ásamt skoðunum á bæði mönnum og málefnum. Einnig er dregin upp mynd af þekktu fólki og óþekktu, stöðu þess og aðstæðum í bland við þjóðfélagslega gagnrýni.³³

Eins og áður hefur verið vikið að er vitað að fyrsta verk Málfríðar, *Samastaður í tilverunni*, var skrifað á þremur áratugum, bæði í Danmörku og á Íslandi. Ritunartími *Úr sálarkirnunni* er ekki eins ljós. Í bréfi sem Sigfús Daðason sendi Guðnýju Ýri Jónsdóttur 11. júní árið 1978 kemur fram að Málfríður hafi fært honum þrjú pund af handriti, að hennar sögn.³⁴ Vera má að Málfríður hafi fengið í sig fítonskraft eftir góðar viðtökur á *Samastað í tilverunni* og í kjölfarið skrifað heilt handrit að næstu bók. Sé haft í huga að Málfríður var sískrifandi alla ævi má þó vera að sumt af því efni sem birtist í *Úr sálarkirnunni* hafi hún átt í förum sínum og notað beint eða endurskrifað. Það verður alltént að teljast líklegt að þær frásagnir, sem sérstaklega eru merktar með ártali eins og til dæmis kaflarnir „Í Kaupmannahöfn (1972)“³⁵, „Ferðalag austur að Núpstað í byrjun júlí 1971“³⁶ og „Píslarsaga

³² Sjá Málfríður Einarsdóttir 1986

³³ Sjá Málfríður Einarsdóttir 1978

³⁴ Sigfús Daðason 11. júní 1978: bréf til Guðnýjar Ýrar Jónsdóttur

³⁵ Sjá Málfríður Einarsdóttir 1978:78-79

³⁶ Sjá Málfríður Einarsdóttir 1978:106-112

mín (1951)³⁷, hafi ratað beint úr dagbókum hennar í *Úr sálarkirnuna* eða verið endurunnar úr eldri textum. Orð Málfríðar um að handrit sitt hafi verið „þrjú pund“ benda til þess að það hafi í upphafi verið afar umfangsmikið. Ætla má að Sigfúsar hafi beðið það verkefni, í samvinnu við Málfríði, að þurfa að grísa úr handritinu og velja textabrot í endanlega mynd *Sálarkirnunnar* en í fyrirnefndu bréfi segir hann um verkefni sitt: „og er ég nú að glugga í þetta til að sjá hvað hægt er að gera. En þetta Opus 2 verður nú varla eins glæsilegt og Samastaður.“³⁸ Tæplega þremur vikum síðar skrifar Sigfús Guðnýju Ýri annað bréf og er tónninn gagnvart *Sálarkirnunni* orðinn annar: „og ekki er að spyrja að Málfríði eins og þú veizt. Ég er nú kominn nokkuð vel á veg að fara í gegnum handritið hennar; ætli þetta verði ekki sæmilegasta bók.“³⁹ Orð hans benda til þess að vinna hans við handritið hafi verið af svipuðu tagi og þegar hann útbjó handritið að *Samastað í tilverunni*; hann hafi í samráði við Málfríði þurft að velja og hafna textabrotum auk þess að raða þeim saman í eina ákveðna heild.

Textabrotin sem birtast í *Úr sálarkirnunni* eru flest öll sögð í fyrstu persónu. Þó að það kunni að vera auðvelt að tengja „ég“ textans við höfund verksins veit lesandi ekki fyrir víst hvort það er Málfríður sjálf sem talar eða einhver tilbúinn sögumaður.⁴⁰ Greiningin verður enn flóknari ef haft er í huga að textabrotin kunna að hafa verið skrifuð á mismunandi tímum og þar af leiðandi ekki endilega hugsuð í upphafi sem ein ákveðin heild. Sú staðreynd kallar fram ýmsar vangaveltur: Ef um sögumann er að ræða er hann þá sá hinn sami í öllum textabrotunum eða ekki? Ef Málfríði er eignaður textinn er hún þá sú hin sama á ólíkum tímum eða breytist hún í tímans rás og hefur sú breyting þá áhrif á rödd textabrotanna? Hvað með söguhöfund textans, er hann sá hinn sami í öllum textabrotunum eða er hann breytilegur? Þarf að taka mið af því að Sigfús Daðason, útgefandi Málfríðar, hefur haft áhrif á tilurð textans með því að hafa í samráði við hana valið hvaða textar rötudu inn í bókina og hvernig þeim var raðað saman?

Allar vangavelturnar eiga það sameiginlegt að vekja upp flóknar og erfiðar spurningar um hvað skuli eiginlega kalla þessa fyrstu persónu, þetta „ég“ sem kemur hvað eftir annað fyrir á blaðsíðum *Úr sálarkirnunni*. Til að svara þeirri spurningu skiptir máli hvort fylgt er aðferðum hefðbundinnar frásagnarfræði eða nýrri kenningum og hugmyndum hugfræðinga

³⁷ Sjá Málfríður Einarsdóttir 1978:255-256

³⁸ Sigfús Daðason 11. júní 1978: bréf til Guðnýjar Ýrar Jónsdóttur

³⁹ Sigfús Daðason 1. júlí 1978: bréf til Guðnýjar Ýrar Jónsdóttur

⁴⁰ Þess má geta að sum textabrotin eins og til dæmis smásagan „Úr ævisögu tveggja ára gamals manns“ er vitaskuld ekki um Málfríði þó hún sé sögð í fyrstu persónu.

um samspil höfundar, söguhöfundar og sögumanns. Áður en hugað verður að ég-inu í texta Málfríðar er ekki úr vegi að reifa bæði eldri og nýrri kenningar í frásagnarfræði til að hægt verði að varpa ljósi á til hvaða aðferða er hyggilegast að sækja þegar kemur að því að skoða og greina „ég-ið“ í *Úr sálarkirnunni*.

II.II.I Frásagnarfræði – eldri hugmyndir og nýjar

Í tímanna rás hafa frásagnarfræðingar í greiningu sinni á bókmenntatextum glímt við spurningar á borð við hver segir frá, hvernig saga er sögð, hver upplifir og hver hlýðir á.⁴¹ Í vangaveltum af þessu tagi er hugtakið frásagnarháttur eða frásagnaraðferð afar mikilvægt en samkvæmt uppflettiritinu *Hugtök og heiti í bókmenntafræði* er það skilgreint á þessa lund: „Í víðasta skilningi varðar frásagnarháttur efnistöð í epískum skáldskap; með hvaða hætti höfundur flytur lesanda sögu sína, hvernig hann smíðar listræna frásögn úr ólistrænum efnivið sínum.“⁴² Í útskýringunni er lögð megináhersla á hvernig sagan er sögð. Því skyldi engan undra að frásagnarfræðingar hafi lagt áherslu á að kanna hlutverk sögumanns innan frásagnar.

Samkvæmt hefðbundinni frásagnarfræði er sögumaður í frásögn eitt megineinkenni allra epískra texta. Hlutverk hans er að gera lesanda grein fyrir bæði persónum og atburðum. Rödd sögumannsins hefur vald yfir því í hvaða röð lesandi fær upplýsingar, hvað honum er sagt og hvað ekki. Í hefðbundinni frásagnarfræði er gerður greinarmunur á höfundi, söguhöfundi og sögumanni. Aðgreiningin liggur einkum í því að frásagnarröddin, það er að segja rödd sögumanns í ákveðinni sögu, er ekki endilega rödd raunverulegs höfundar sögunnar.⁴³ Samkvæmt þessum fræðum er orðum alltaf miðlað um sögumanninn þannig að lesandi hefur aldrei beinan aðgang að höfundi.

Eftirfarandi skýringarmynd frásagnarfræðingsins Wayne Booth varpar ljósi á samband raunverulegs höfundar, söguhöfundar, sögumanns, sögulesanda, kjörlesanda og raunverulegs lesanda.⁴⁴

Raunverulegur höfundur	Söguhöfundur	Sögumaður	Sögulesandi/áheyrandi	Kjörlesandi	Raunverulegur lesandi
------------------------	--------------	-----------	-----------------------	-------------	-----------------------

Raunverulegur höfundur og raunverulegur lesandi eiga það sameiginlegt að vera fyrir utan söguna, vera af holdi og blóði og hafa ákveðið nafn. Raunverulegur höfundur skrifar söguna á

⁴¹ Sjá t.d. Jørgensen 1990:264-286

⁴² Örnólfur Thorsson 2008:97

⁴³ Sjá Svensen 1985:102-103

⁴⁴ Sjá Richardson 2006:114

blað (eða pikkar á lyklaborð) og fær borgað fyrir hana en raunverulegur lesandi les söguna.⁴⁵ Söguhöfundurinn er einskonar staðgengill höfundar í verkinu; hann er sú mynd sem höfundur skapar af sjálfum sér í ákveðnu verki. Jafnframt er hann sú hugmynd sem lesandi fær um raunverulegan höfund út frá textanum. Hlutverk söguhöfundarins felst meðal annars í því að skipuleggja textann og stjórna framvindu mála. Sögulesandi eða söguáheyrandi er persóna í verkinu sem les annaðhvort eða hlustar á frásögn sögumannsins. Kjörlesandi gegnir svipuðu hlutverki og söguhöfundur. Hann er hugmyndin um lesandann sem sagan er miðuð við.⁴⁶

Sambandið á milli höfundar og sögumanns hefur löngum verið haft í forgrunni í aðgreiningu á hvort verk telst til skáldskapar eður ei. Í skáldskap er að finna sögumann sem er ekki sama persónan og höfundurinn en í öðrum gerðum af texta er ekki annar sögumaður en höfundur. Eins og Henrik Skov Nielsen hefur bent á er þessi skilgreining bæði í takt við hefðbundna frásagnarfræði og nauðsynleg. Hún útskýrir til að mynda hvers vegna ekki er hægt að handtaka rithöfundinn Bret Easton Ellis á þeim forsendum að hann sé sá hinn sami og sögumaður fyrstu persónu frásagnarinnar, raðmorðinginn í skáldsögu hans, *American Psycho*.⁴⁷ Þó að aðgreining sögumanns og raunverulegs höfundar sé að mörgu leyti gagnleg á hún ekki endilega alltaf við. Hún hefur líka verið gagnrýnd töluvert á síðustu árum og í kjölfarið hafa ekki síst hugfræðingar endurskoðað hugmyndir um sögumann, söguhöfund og raunverulegan höfund.⁴⁸

Það sem einkum hefur verið gagnrýnt er annars vegar samband raunverulegs höfundar og sögumanns og hins vegar samband raunverulegs höfundar og söguhöfundar. Margir hafa haldið því fram að í skáldskap sé ekki hægt að komast hjá því að hafa sögumann vegna þess að frásögn er athöfn og til þess að hún geti farið fram þarf áhrifavald sem er sögumaðurinn. Sterkustu rökin fyrir tilvist sögumannsins eru þó líklega þau að hann hafi hæfileika sem ekki er á valdi manna, það er að vita þankagang annarra persóna. Um þessar hugmyndir ríkir ekki almenn sátt en fræðimaðurinn Andrew Kania er meðal þeirra sem eru á öndverðri skoðun. Í greininni „Against the Ubiquity of Fictional Narrators“ (2005) heldur Kania því fram að þó svo að mjög mörg og jafnvel flest skáldverk hafi sögumann eigi það ekki við um öll. Hann álitur jafnframt að oftast en ekki sé óþarfi að eigna sögmanninginum frásögnina heldur eigi fremur að gera höfundinn sjálfan ábyrgan fyrir henni.⁴⁹

⁴⁵ Sjá Richardson 2012:51

⁴⁶ Sjá Svensen 1985:15-16 og Richardson 2006:114

⁴⁷ Sjá Nielsen 2010:276-277

⁴⁸ Sjá t.d. Hogan 2003:59-86, Margolin 2003:271-294, Kania 2005:47-54, Richardson 2006:114-133 og Herman 2012:50

⁴⁹ Sjá Kania 2005:47-50

Í grein sinni færir Kania sannfærandi rök fyrir skoðunum sínum. Hann segir að þegar lesendur komi að skáldverki viti þeir að um sköpunarverk höfundar sé að ræða. Í verkinu er dregin upp mynd af veröld sem er ekki sama veröldin og raunverulegir menn hrærast í þó vissulega megi greina ýmsar tengingar á milli veraldanna tveggja. Að verkinu koma bæði raunverulegur höfundur og raunverulegur lesandi en einnig ýmislegt sem er á verufræðilegu sviði (e. *ontological level*) eins og til dæmis persónurnar sem fyrirfinnast í sögunni og atburðirnir sem eiga sér stað í henni. Samkvæmt Kania er engin brú á milli þess skáldaða og raunverulega en til að bæta úr því hafi menn bætt sögumanni við skáldaða heiminn. Kania er efins um að sú lausn gagnist lesendum. Þar sem lesendur geta ekki horft og séð skáldaða heiminn spyr hann hvernig einn skáldaður þáttur til viðbótar eigi að breyta því. Ef lesendur átta sig ekki á því hvernig raunverulegur höfundur geti sýnt þeim skáldaða heiminn veltir Kania fyrir sér afhverju skáldaður sögumaður ætti að geta það. Hann bendir á að standi lesendur frammi fyrir vali á þessum tveimur kostum, sögumanninum og rithöfundinum, sé raunhæfara að veðja á höfundinn því líklegra sé að hann geti sagt frá söguheimi og því skáldaða heldur en að skáldaður sögumaður geti gert það. Niðurstaða Kania er sú að í frásögn sé ávallt einhver sem segir frá en sé einhver ástæða til að ætla annað telur hann að sá sem segir söguna sé höfundurinn sjálfur.⁵⁰

Styr hefur ekki einvörðungu staðið á milli fræðimanna um tilvist sögumannsins heldur einnig og kannski fremur um söguhöfundinn.⁵¹ Frásagnir eiga auðvitað sameiginleg ýmis einkenni eða frávik frá ákveðnum einkennum; þær eru til dæmis í tímaröð eður ei; hafa útúrdúra eður ei; eru ýmist tvíræðar eða einræðar, brotakenndar eða heilsteyptar, samhengislausar eða samhengi afar skýrt. Að baki slíkum einkennum er vitsmunavera en eins og Uri Margolin bendir á í greininni „Cognitive Science, the Thinking Mind, and Literary Narrative“ (2003) er ekki alltaf ljóst hver það er. Í hefðbundinni frásagnarfræði hafa margir frásagnarfræðingar greint svipuð frásagnareinkenni í mismunandi verkum höfundar en einnig sömu frásagnaraðferð í frásögnum eftir enn aðra höfunda. Þar af leiðandi eru menn iðulega sammála um að ekki sé hægt að eigna einkennin eða aðferðina ákveðnum höfundi. Þess í stað hefur verið gripið til þess ráðs að eigna framsetningu af þessu tagi öðru sjálfi höfundar: söguhöfundinum. Margolin telur þetta undarlegt í ljósi þess að allar ákvarðanir sem teknar eru í texta, þar á meðal hvaða frásagnaraðferð er valin, hvaða persónur eru skapaðar og hvernig

⁵⁰ Sjá Kania 2005:51-53

⁵¹ Sjá t.d. Richardson 2006:114-133

umhverfinu er lýst, séu þegar allt kemur til alls teknar af raunverulegum höfundi.⁵² Hlutverk söguhöfundarins sé fyrir vikið nokkuð óljóst.

Ýmsir hafa tekið í svipaðan streng og Margolin, til að mynda frásagnarfræðingarnir Ansgar Nünning, Gérard Genette, Mieke Bal og David Herman. Allir telja söguhöfundinn óþarfan í frásagnarfræði og álíta eðlilegra að ræða beinlínis um höfundinn sjálfan.⁵³ Í bókinni *Unnatural Voices* (2006) gerir Brian Richardson góða grein fyrir þessum andstæðu pólum þegar hann ræðir kosti og galla söguhöfundarins. Hann heldur því fram að í sumum frásögnum sé söguhöfundurinn nauðsynlegur en í öðrum alls ekki.⁵⁴ Það sem Richardson finnst einkum óþægilegt við notkun hugtaksins er að söguhöfundur er gerður ábyrgur fyrir frásögninni sem veldur því að lesendur geta aldrei nálgast raunverulegan höfund í gegnum texta. Eins telur hann skjóta skökku við að raunverulegur höfundur geti aldrei talað beint til lesenda sinna eða áheyrenda vegna söguhöfundarins. Í því sambandi bendir hann til að mynda á að enginn myndi veigra sér við að eigna höfundi róttækar pólitískar hugmyndir sem hann birtir í blaðagrein eða ritgerð en kæmu sömu hugmyndir fram í skáldverki væru orðin eignuð sögumanni en hugmyndin söguhöfundi. Það finnst Richardson ankannalegt og segir að lesendur séu þar með settir í þær undarlegu aðstæður að þurfa að segja sögumann vera málpípu höfundar í stað þess að eigna raunverulegum höfundi beinlínis orðin og hugmyndirnar eins og eðlilegt væri.⁵⁵

Í umfjöllun um sjálfsævisögur rær Richardson á áþekk mið og Kania þegar hann fjallar um samspil höfundar og sögumanns. Í sögum af því tagi finnst honum óþarfi að greina á milli raunverulegs höfundar og sögumanns þar eð hann telur að um hinn sama sé að ræða, þar með eigi að eigna raunverulegum höfundi bæði texta og hugmyndir frásagnarinnar. Hann segir einnig að í slíkum sögum standi söguhöfundurinn það nærri raunverulegum höfundi, og sögumanni, að óþarfi sé að gera ráð fyrir honum. Með öðrum orðum telur Richardson að raunverulegur höfundur sjálfsævisögu sé allt í senn, sögumaður, söguhöfundur og raunverulegur höfundur.⁵⁶

Vegna þess að textabrotin sem fyrirfinnast í *Úr sálarkirnunni* virðast að einhverju leyti vera frá ólíkum tímaskeiðum er sögumaður þeirra alls ekki hefðbundinn. Í rauninni má segja að sögumaðurinn sé einskonar undarleg blanda af höfundinum, Málfríði, frá ólíkum tímum. Ef

⁵² Sjá Margolin 2003:276

⁵³ Sjá Margolin 2003:276 og Herman 2012:50

⁵⁴ Sjá Richardson 2006:115

⁵⁵ Sjá Richardson 2006:124-125

⁵⁶ Sjá Richardson 2006:126-127

gert er ráð fyrir breytilegu sjálfi einstaklings er freistandi að taka undir skoðanir Kania, Richardsons og annarra hugfræðinga og segja að frásögnin sem birtist í verkinu sé Málfríðar. Þar með hefur sögumaðurinn verið fjarlægður og Málfríður sjálf gerð ábyrg fyrir textanum og þeim skoðunum sem þar koma fram. Erfiðara er að ákveða hvort fjarlægja skuli söguhöfund algjörlega eða ekki. Það er ljóst að það er skoðun Málfríðar sem birtist í brotunum en söguhöfundurinn eða röddin kann að vera misjöfn á milli brotanna, meðal annars vegna þess að þau eru skrifuð á ólíkum tímum. Þar fyrir utan verða brotin ekki að einni heild fyrr en Sigfús Daðason fær þau í hendurnar og raðar þeim saman.⁵⁷ Forsendur fyrir sögumanni og söguhöfundi í hefðbundnum skilningi eru því í rauninni ekki til staðar í textanum. Eins og áður hefur verið vikið að er framlag Sigfúsar til textans töluvert þar sem hann sá meðal annars um að raða brotunum saman í eina ákveðna heild. Hann ákvað þar með í samráði við Málfríði framvindu mála í textanum. Það má því gera ráð fyrir að söguhöfundurinn sé að einhverju leyti samrunafyrirbæri, bæði megi greina áhrif og ætlun Málfríðar og Sigfúsar í textanum. Til að mynda má auðveldlega gera því skóna að samspil ljóss og myrkurs, sem er eitt megineinkenni verksins, megi rekja til Sigfúsar en það eru andstæður sem birtast oft og tíðum í hans eigin ljóðum.⁵⁸ Engu að síður er afar erfitt að skilgreina nákvæmlega hver eru áhrif og ætlun Sigfúsar og hver Málfríðar. Það er þó ljóst að vegna þess að Sigfús hafði ráð um niðurskipan efnis í bók Málfríðar á hann þátt í að móta rödd hennar og sviðsetja í gegnum textann.⁵⁹ Röddin er vitaskuld alltaf Málfríðar en þrátt fyrir að ekki sé haggð við henni breytist hún samt sem áður við að vera felld niður í skipulagt form, bók.

Sviðsetningin í *Úr sálarkirnunni* er margvísleg. Áður hefur verið rætt um andstæðurnar ljós ~ skugga sem megineinkenni textans en aðrar andstæður marka hann einnig eins og til dæmis lágstétt ~ hástétt og sjúkdómar ~ heilbrigði. En það er þó ekki síst líkami Málfríðar sem er sviðsettur og hvernig hún upplifir sjálfa sig sem líkamsmótaða (e. *embodied*) vitsmunaveru. En ekki má gleymast að það er Sigfús sem velur líkamann, í samvinnu við Málfríði, inn í textann þó svo að frásögnin sé vitaskuld hennar. Sú rödd sem kölluð verður Málfríður í þessari ritgerð er því Málfríður „með svip Sigfúsar“ ef svo má að orði komast – og lesendur geta reynt að sjá það fyrir sér.

⁵⁷ Sjá Sigfús Daðason 1986:287

⁵⁸ Í því sambandi má til dæmis nefna ljóðabókina *Hendur og orð* sem kom út árið 1959. Sjá Sigfús Daðason 2008

⁵⁹ Þess ber að geta að hér er eingöngu verið að ræða um skipulögðu útgefnu verkin en ekki alla aðra texta sem Málfríður skrifaði. Á Landsbókasafni Íslands eru til dæmis til margir kassar með pappírnum frá Málfríði en segja má að hluta af sjálfsmynd hennar sé þar að finna.

Þó svo að mikilvægt sé að gera grein fyrir hver talar í bók Málfríðar er enn áhugaverðara að skoða frá hverju sú rödd segir. Það er að segja hvað Málfríður hefur upplifað, hvernig hún hefur skynjað umhverfi sitt, annað fólk og sjálfa sig í heiminum en það er umfjöllunarefni næsta kafla.

III Málfríður og samfélagið

III.I Áhrif líkamans í frásögn

Málfríður Einarsdóttir fæddist í Munaðarnesi 23. október árið 1899 og lést í Reykjavík 25. október 1983. Líf hennar einkenndist af erfiðleikum og baráttu. Sama dag og hún fæddist lést tvíburabróðir hennar og móðir hennar fáeinum dögum síðar. Faðir hennar, Einar, treysti sér ekki til þess að sjá um hana og var hún því send í fóstur til ömmu sinnar og föðursystra. Málfríður ólst upp við fábreytt kjör á tímum þegar tækifæri fyrir konur voru af skornum skammti, skólanám fremur stefnulaust og utanlandsferðir fátíðar. Veikindi herjuðu á hana alla ævi en ung fékk hún berkla sem urðu henni næstum að aldurtíla. Hugur hennar beindist snemma í átt til ritstarfa en lítið var um kvenfyrirmyndir á þeim starfsvettvangi. Engu að síður var Málfríður sískrifandi alla ævina en samferðarmenn hennar virðast, alltént framan af, fremur hafa latt hana en hvatt til að sitja við skriftir.⁶⁰ Málfríður fæðist veikbyggð og það hefur áhrif á mótun hennar, sýn á heiminn og stöðu í samfélaginu og þar með hvernig hún velur að segja frá lífi sínu og upplifunum í sjálfsævisögulegu textabrotunum sem birtast í verkum hennar.

Eins og áður hefur verið vikið að er bókin *Úr sálarkirnunni* gerð úr margvíslegum textabrotum sem raðað hefur verið saman í eina heild. Þau eru eins og misstórar dyr, sem opnast inn í samfélag sem var, samfélag sem Málfríður lifði og hrærðist í. Lesendur fá því misvitt sjónarhorn á aðstæður persóna, kjör ólíkra stétta, umhverfi og ferðalög. Að auki setja viðhorf og skoðanir Málfríðar á mönnum og málefnum svip sinn á það sem fyrir augu ber. Enda þótt dyrnar sem opnast og svipmyndirnar sem birtast séu bæði margvíslegar og frá mismunandi tímasteiðum koma þær allar frá sama stað: úr hugskoti Málfríðar. En hvað er átt við þegar sagt er að svipmyndir komi „úr hugskoti“ Málfríðar? Á síðustu áratugum hafa æ fleiri bókmenntafræðingar talið brýnt að sjónum væri beint að „huga“ jafnt höfunda sem viðtakenda bókmennta. Áður en velt verður vöngum yfir hvaða myndir Málfríður dregur upp af sjálfri sér og veröldinni sem hún þekkir er því ekki úr vegi að staldra við og kynna til sögunnar nýlegar hugmyndir manna um líkamsmótun vitsmunanna og áhrif þeirra á frásagnir og skynjun mannsins bæði á sjálfum sér og heiminum öllum.

Það sem hugfræðingar hafa meðal annars áhuga á að kanna er hvað einkennir hugsunargang manneskjunnar, hvað vekur upp geðshræringar hennar og að hvað stórum hluta hugsanir hennar og skynjanir markast af ásköpuðum eiginleikum hennar og að hve miklu leyti

⁶⁰ Sjá t.d. Málfríður Einarsdóttir 1977, 1978 og Sigfús Daðason 1983:41

af menningunni sem mótar hana. Eins og Bergljót Soffía Kristjánsdóttir bendir á í grein sinni „Á kálfsskinnsfrakka eða Arnaldur Indriðason og bókmenntaarfleiðin“ (2010) eru rannsóknir hugfræðinga mislangt komnar en eiga það sameiginlegt að gera ráð fyrir að vitsmunastarf manna hafi sömu megineinkenni, hvort sem um ræðir höfund eða lesanda sem lifa á sama tíma, í sama menningarumhverfi.⁶¹

Upplifun mannsins, kenndir hans, skoðanir og skilningur hafa verið meðal viðfangsefna þeirra sem fást við hugræn fræði. Það kemur því ekki á óvart að í umfjöllun um bókmenntir hafi menn fléttað saman aðferðum ólíkra fræðigreina eins og til dæmis bókmenntafræði, sálfræði, taugafraeði og heimspeki.⁶² Áhugi manna hefur í síauknum mæli beinst að líkama mannsins í umhverfi hans og þá ekki síst að taugakerfi hans í flóknu samspili við umhverfið.⁶³ Af þessu leiðir kenningin um líkamsmótun vitsmunanna (e. *embodied cognition*). Kenningin hefur átt miklu fylgi að fagna en í stuttu máli felst hún í því að líkami mannsins sé undirstaða alls skilnings hans á veruleikanum og marki þar með hugsanir hans og vitsmuni í víxlverkun við menninguna.⁶⁴ Undir kenninguna taka allmargir sem aðhyllast hugræna bókmenntafræði en þess ber að geta að hún hefur verið útfærð á margvíslegan hátt og ekki eru allir á einu máli um hvað er réttast í þeim efnum.⁶⁵ Menn leggja til að mynda ekki endilega sama skilning í hugtakið líkami, eru ekki á einu máli um hvort það sé eingöngu lifandi efni eða ferli eða hvort manngerðir hlutir eins og tölvur og vélmenni geti haft líkama.⁶⁶

Fyrir rúmlega áratug greindi sálfræðingurinn Margaret Wilson ólíkar kenningar um líkamsmótun vitsmunanna í sex flokka.⁶⁷ Athyglisvert við flokkun hennar er að líkaminn sjálfur er aðeins gerður að kjarnaatriði í einum flokki.⁶⁸ Sú staðreynd sýnir kannski einna best hversu mikið mið er tekið af umhverfi mannsins í líkamsmótunarkenningum.⁶⁹ Tom Ziemke hefur rætt um að líkamsmótunarhugtakið hafi bæði verið notað innan hugrænna fræða og gervigreindarfræða. Hann telur þar með mikilvægt að velta sérstaklega fyrir sér hverslags

⁶¹ Sjá Bergljót Soffía Kristjánsdóttir 2010:441

⁶² Sjá t.d. Oatley 2002, Keen 2011 og Freeman 2009

⁶³ Sjá Clark 1999:345

⁶⁴ Sjá t.d. Gibbs 2005

⁶⁵ Sjá t.d. Ziemke 2002 og 2003, Wilson 2002, Gibbs 2005 og Bergljót Soffía Kristjánsdóttir 2012

⁶⁶ Sjá Bergljót Soffía Kristjánsdóttir 2012:14

⁶⁷ Sjá Wilson 2002

⁶⁸ Sjá Wilson 2002. Flokkarnir sem Wilson tiltekur eru: 1) Vitsmunastarf (e. *cognition*) er bundið tilteknum líkama og aðstæðum (e. *situated*), 2) Vitsmunastarf er undir tímaálagi, 3) Menn létta á vitsmunastarfi sínu yfir á umhverfið, 4) Umhverfið er hluti vitsmunastarfs, 5) Vitsmunastarf þjónar athöfnum, 6) Frátengt hugarstarf (e. *off-line cognition*) grundvallast á líkamanum. Þýðing Bergljót Soffía Kristjánsdóttir 2012:14-15. Í grein Bergljótar Soffíu „Holdið hefur vit“ eða „Við erum ekki kýr á beit í haga skilnings og þekkingar“ 2012:13-41 má lesa greinargóða lýsingu á þessum ólíku skoðunum manna um líkamsmótun vitsmunanna.

⁶⁹ Sjá Ziemke 2003:1306

líkama (ef þá einhvers) sé þörf á í hverri líkamsmótunarkenningu fyrir sig. Ziemke hefur rétt eins og Wilson reynt að henda reiður á hvaða skilning menn leggja í líkamsmótun og skipa honum í flokka. Munurinn á flokkun Ziemkes og Wilsons felst einkum í því að raunverulegs líkama er ekki krafist í öllum flokkum Ziemkes.⁷⁰ Hann fjallar líka – öfugt við Wilson – sögulega um líkamsmótun vitsmunanna og setur þar með á oddinn þá þróunarlegu þætti sem einkenna bæði mannskepnurnar og tæki, tól og vélmenni sem kunna að hafa líkamsmótaða vitsmuni.⁷¹

Flokkunarkerfi Wilsons og Ziemkes eru yfirgripsmikil en þau eru nytsamleg til að átta sig betur á ólíkum gerðum líkamsmótunarkenninga og hvernig er unnið með þær. Líkamsmótunarkenningarnar hafa haft mikil áhrif. Þær hafa til dæmis gert það að verkum að margir hugsa um tungumálið á allt annan hátt en áður en það er vitaskuld beintengt við alla líkamsskynjun mannsins.⁷² Kenningar um líkamsmótun vitsmunanna geta verið afar gagnlegar þegar kemur að því að skoða og greina bókmenntatexta. Til dæmis getur það skipt máli hvernig líkami þess sem segir frá kann að hafa áhrif á upplifun hans á heiminum öllum og þar með frásögn hans. Frásögn Málfríðar Einarsdóttur í *Úr sálarkirnunni* er öll sögð í fyrstu persónu sem merkir að lesandi fær aðeins að taka þátt í upplifun hennar, túlkun og skynjun en ekki annarra persóna. Frásögnin hefði án efa verið önnur hefði líkami Málfríðar verið annar og reynsla hennar þar með önnur. Einmitt vegna þess hve líkami Málfríðar gegnir stóru hlutverki í *Úr sálarkirnunni* gagnast kenningar um líkamsmótun vitsmunanna einkar vel í greiningu á frásögnum hennar.

Líkami Málfríðar er gjarnan í brennidepli í frásögnum hennar en vegna hans upplifir hún sig oft á skjön við aðra innan samfélagsins. Er það ekki síst vegna ýmissa áskapaðra eiginleika (eða ó-eiginleika) eins og til að mynda að hún fæðist kona og veikindi herja á hana alla ævi. Það, í bland við aðra ytri þætti eins og að hún er snauð, hefur skáldagrillur og flytur úr sveit í borg, hafa allir áhrif á að Málfríður verður eins konar jaðarpersóna í samfélaginu sem hún lifir í. Það er þó ekki aðeins líkami Málfríðar, hún sjálf og aðstæður hennar sem eiga sinn þátt í að ýta henni á jaðarinn heldur einnig samfélagsgerðin. Í næstu tveimur köflum verður skoðað hvernig Málfríður skilgreinir sjálfa sig með því að tefla fram líkama sínum sem andstæðu við líkama annars fólks og sýnir í sömu mund að samfélagið er samhuga um að gera hana að jaðarpersónu. Samfélagið og líkaminn eru því vitaskuld samofin í texta Málfríðar þó

⁷⁰ Þess ber að geta að Andy Clark hefur einnig farið öðruvísi að en Wilson. Clark 2008

⁷¹ Sjá Ziemke 2003

⁷² Í því samhengi má nefna líkingarkenningar Georges Lakoffs og Marks Johnssons sem notið hafa fádæma vinsælda síðastliðna áratugi. Um þá félaga og kenningar þeirra verður fjallað hér á eftir.

hér sé gerð grein fyrir því í tveimur köflum. Það felst í skilningi hugfræðinga sem hér verða nýttir að víxlverkun sé milli líkama einstaklings – og þar með vitsmunastarfs hans – og menningar og samfélags. Það er því fyrst og fremst af hagnýtum ástæðum að efnið er fellt í tvo kafla. Í köflunum verður sótt í smiðju hugrænna fræða og þá einkum til kenninga um líkamsmótun vitsmunanna og þær kynntar jafnharðan.

III.II Líkami í andstöðu

Líkingar eru eitt af því sem Málfríður notar þegar hún greinir sjálfa sig frá öðrum. Síðustu áratugi hafa líkingakenningar hugfræðinganna George Lakoffs og Mark Johnsons átt miklu fylgi að fagna en þær falla undir kenningar um líkamsmótun vitsmunanna og eru líklega meðal þeirra sem mest hefur verið rætt um.⁷³ Samkvæmt þeim félögum er mannskepnunni eiginlegt að notast við líkingar og líkja einum hlut við annan. Þeir telja að líkingar marki ekki aðeins tungumál mannsins heldur einnig allt hugarstarf hans; honum sé ekki eingöngu eiginlegt að lýsa reynslu sinni með þeim heldur markist þær ekki síst af viðmiðum sem líkami hans setur.⁷⁴ Líkingar nota menn því til að skilja heiminn í kringum sig en allar fullyrðingar þeirra um hann og skilningur á honum byggjast á líkingahugsun.⁷⁵

Í bókinni *Metaphors We Live By* segja þeir Lakoff og Johnson líkingu vera aðferð til að skilja eitt fyrirbæri í ljósi annars. Þeir gera ráð fyrir að tvö hugtakasvið (*e. conceptual domains*) einkenni líkinguna, þannig er hluta af einu sviði, upptakasviðinu (*e. source domain*), varpað yfir á annað ólíkt, svokallað marksvið (*e. target domain*), til að auka skilning á því.⁷⁶ Lakoff og Johnson líta svo á að í hugum fólks megi finna líkingahugtök (*e. metaphorical concepts*) eða hugtakslíkingar sem eru eins konar yfirskipaðar líkingar sem marka hugsun þess og mál á kerfisbundinn hátt. Þetta eru ekki líkingar í hefðbundnum skilningi heldur óhlutbundin fyrirbæri sem ráða að hluta hvernig hugtak er notað.⁷⁷

Lakoff og Johnson gera grein fyrir þremur gerðum af hugtakslíkingum en ein þeirra eru afstæðislíkingar (*e. orientational metaphors*). Slíkar líkingar eiga sameiginlegt að snúast um afstöðu en hlutverk þeirra felst fyrst og fremst í samhæfingu ákveðinna markhugtaka eins og til dæmis ‚upp og niður‘, ‚inn og út‘ og ‚fram og aftur‘. Líkingar af þessu tagi, einkum líkingin ‚upp og niður‘, eru algengar þegar rætt er um heilsufar manna sem er einatt túlkað

⁷³ Sjá t.d. Wilson 2002 og Ziembe 2003

⁷⁴ Sjá Bergljót Soffía Kristjánsdóttir 2008:13

⁷⁵ Sjá Bergljót Soffía Kristjánsdóttir 2006:23

⁷⁶ Sjá Lakoff og Johnson 2003:5

⁷⁷ Sjá Lakoff og Johnson 2003:7-9

sem upp eða niður. Eða eins og Lakoff og Johnson benda á; heilsa og líf eru upp, veikindi og dauði eru niður.⁷⁸ Málfríður notast gjarnan við afstæðulíkingar þegar hún segir frá heilsufari sínu. Eftirfarandi textabrot er fengið úr kaflanum „Píslarsaga mín (1951)“ en í því leggur Málfríður megináherslu á líkama sinn, bæði hvernig hann er og eins hvernig hann mun verða:

Af öllu illu er hnignunin verst, og henni verður ekki þokað. Hún eykst ár frá ári uns vér erum orðnir að voðalegum bjálfum. Ástand mitt í dag bendir til þess að seint á þessari öld verði ég orðin minnislaus, sjón- og heyrnarlaus, lyktar- og bragðlaus, tilfinningasljó, hárlaus, hrukkótt, stirð, máttlítil, geðstirð, volandi og vælandi, skjálfrödduð, skjálfhent, hafi kvap og lopa í holda stað, stökkar pípur í stað beina, auk ýmissa annarra sjúkdóma og kvilla, kalda fætur og hendur, að Morgunblaðið verði þá hætt að hrella mig og sólin að gleðja mig.

[...]

Sveitin sem mig ól þessi dapurlegu ár sem ég held að hafi farið til einskis að sumu leyti, en að öðru til verra en einskis, mun hafa verið eitt hið óheilnæmasta veikindapláss, og er það til marks að h.u.b. fjórði hver maður sem þar ólst upp, mun hafa dáðið úr berklaveiki, en við sem skrimtum urðum vanmetapeningur og landinu þungir ómagar, eða það hef ég verið.⁷⁹

Frásögnin vitnar um líkamsmótun vitsmunanna. Það má meðal annars sjá í líkinganotkuninni. Afstæðislíkingin ‚upp og niður‘ birtist strax í upphafi textans þegar Málfríður ræðir um ‚hnignunina‘ en sjálfst orðið stendur fyrir ‚þróun niður á við‘. Eins og Lakoff og Johnson gerir Málfríður ráð fyrir að fullkomið heilbrigði sé efst á ímynduðum heilsuási sem síðan færir neðar eftir því sem heilsu hennar hrakar eða hningar. Með afstæðislíkingunni leikur hugtakslíkingin BREYTING ER AÐ FÁ/MISSA. Eftir því sem aldurinn færir yfir því meira ‚missir‘ Málfríður til dæmis sjón, heyrn og minni. Og hvað fær hún í staðinn? Sjónleysi, heyrnarleysi og minnisleysi.

Textabrotið hér að framan er mjög hnyttið en hugfræðingar hafa líka sett fram kenningar um hvað eigi sér stað í kollinum á fólki þegar það er fyndið eða þegar því finnst eitthvað fyndið.⁸⁰ Ein af þeim notar gömlu hugmyndina um ramma.⁸¹ Þægilegt er að nota hana í umfjöllun um hómor en hún gerir ráð fyrir að hann felist í því að tveir rammar rekist á. Menn hafa í kollinum einhverjar viðteknar hugmyndir um svið í mannlífinu sem fylgir samfélagslegum og þjóðfélagslegum reglum. Þær hugmyndir geta rekist harkalega á við það sem þeir lesa um í bók, sjá í kvikmynd eða hlusta á í samtali. Þegar þetta tvennt rekst á getur það kollvarpað fyrri hugmyndum eða sýn manna á veruleikann. Og það sem mestu máli

⁷⁸ Sjá Lakoff og Johnson 2003:14-15

⁷⁹ Málfríður Einarsdóttir 1978:255-256

⁸⁰ Sjá Bergljót Soffía Kristjánsdóttir 2011:56

⁸¹ Rammakenningin byggist á kenningunni um ósamræmi (e. *the incongruity theory*) en svo virðist vera að flestir fræðimenn sem fjalla um hómor aðhyllist þá skilgreiningu. Í stuttu máli felst kenningin í því að eitthvað verði fyndið vegna ósamræmis. Kenningin er hins vegar ekki nægilega markviss, setning getur til að mynda falið í sér ósamræmi án þess að vekja glettni. Sjá Clark 1970:21-28 og Yus 2003:1313

skiptir er að árekstur af þessu tagi getur kallað fram hlátur.⁸² Í einföldum húmor á borð við brandara kemur slíkur árekstur einkum til sögunnar í lokasetningunni. Þegar írónían á hins vegar í hlut koma margir rammar hver á fætur öðrum og rekast viðstöðulaust á frá upphafi til enda.⁸³

Í frásögn Málfríðar blandast saman húmor og írónía en rammarnir kvikna af andstæðunum í textanum. Húmorinn birtist strax í upphafi þegar hún notar hátíðlegu orðmyndina „vér“⁸⁴ sem túlka má sem konunglega fleirtölu þannig að lesandi væntir kannski djúprar speki. Svo er þó ekki; þess í stað rekst á rammi þar sem gamalmenni eru bjálfar. Írónían kviknar vegna þess að ekki er pólitískt kórrétt að gera ráð fyrir því að aldraðir séu aular. Í framhaldi ræðir Málfríður um elli eins og sjúkdóm frekar en eðlilegt ferli. Með bæði upptalningu og sundurliðun á öllum hugsanlegum öldrunareinkennum sínum verður lýsingin á gamalmenninu Málfríði sem hryllingsmynd. Myndin rekst í sem stystu máli á við penar ríkjandi hugmyndir um hvernig eigi (og megi) tala um gamalt fólk. Staðreyndin er nefnilega sú að ekki þykir rétt að ræða þessa hluti upphátt hvað þá að nefna þá réttum nöfnun, eins og til dæmis að segja að aldraðir hafi „kvað og lopa í holda stað“⁸⁵. Vitaskuld skiptir talsverðu máli hver það er sem talar. Ef ungmenni léti þessi orð falla horfðu þau öðruvísi við en þegar gömul kerling lætur þau út úr sér. Í textanum nær írónían hámarki þegar Morgunblaðið er gert andstæða lífgjafa alls lífs á jörðu, sólarinnar; blaðið sem miðlar öllum þeim afturhaldshugmyndum sem Málfríður amast við.

Málfríður sér ekki aðeins sjálfa sig fyrir sér í framtíðinni heldur lítur hún einnig til fortíðar og ræðir um berklana sem hún fékk sem ung kona og urðu, alltént að hennar mati og í hennar upplifun, til þess að hún og aðrir berklasjúklingar urðu „vanmetapeningur og landinu þungir ómagar“.⁸⁶ Hér á einnig við fyrirnefnd hugtakslíking, BREYTING ER AÐ FÁ/MISSA. Veikindin orsaka þá breytingu að Málfríður missir heilsuna og þar með stöðu sína innan samfélagsins. Hún er ekki lengur fullgildur samfélagsþegn heldur upplifir hún sig lítt sjálfbjarga og byrði á öðrum en af því rís ekki síst jaðarstaða hennar.

Öll líkinganotkun Málfríðar í þessum stutta texta miðar að því að setja í forgrunn líkama hennar eða það sem gerir hann og þar með talið hana sjálfa frábrugðna öðru fólki. Líkingarnar varpa bæði ljósi á hvaða augum hún lítur sinn eigin líkama og hvernig hún telur að aðrir líti á

⁸² Sjá Ritchie 2005:290-292

⁸³ Sjá Bergljót Soffía Kristjánsdóttir 2011:57

⁸⁴ Hér gæti Málfríður einnig verið að tala um sjálfa sig.

⁸⁵ Málfríður Einarsdóttir 1978:255

⁸⁶ Málfríður Einarsdóttir 1978:256

hann. Skiptir þá engu hvort hún á við fortíðina, nútíðina eða framtíðina; í hennar huga býr hún í afskræmdum líkama sem er ólíkur heilbrigðum líkömum annarra og til þess fallinn að setja hana í jaðarstöðu gagnvart öðru fólki sem býr í sama samfélagi og hún.

Umfjöllun um líkama Málfríðar og þá sér í lagi hvernig hann er ólíkur flestum öðrum líkömum er eitt helsta viðfangsefni hennar í *Úr sálarkirnunni*. Þegar hún ræðir um fólk, einkum konur, teflir hún sjálfri sér iðulega fram sem andstæðu og þá einkum út frá líkama sínum sem henni finnst ýmist vera ljótur eða sjúkur. Skýrt dæmi um þetta er lýsingin sem hún gefur á sjálfri sér og íslensku konunum tveimur sem eru henni samferða frá Íslandi til Danmerkur árið 1949:

Konur þær sem voru mér samferða frá Íslandi voru ólíkt lögulegri, beinar og grannholda svo sem vera ber, af prestaættum tvær þeirra, önnur hás og hóstandi og reykti í sífellu, slæða af víndrykkjuroða á andlitinu. Þetta var sköruleg kona, þýð og hjartagóð eins og stöðu hennar hæfði, brúnn blettur á vinstra auga sem hlaut að einkenna hana hvar sem hún fór. Klæðaburður hennar var ágætur og viðeigandi. Hin var mikil fríðleikskona, yndisþokkinn svo megn að hún fékk naumast valdið honum, gekk hún álút og hokin undir þeirri byrði. Hún var nýgift. Þetta voru stórglæsileg hjón, sönn þrýði lands vors. – Ég var dapureyg af sjúkleik og ákaflega viðutan, þótti illt að vera til, slík sem ég var orðin. Þetta stóð til bóta.⁸⁷

Frásögnin er afar kímín en húmorinn sem birtist í henni er af ætt íróníunnar. Það er einkum hárnákvæmt orðaval Málfríðar sem veldur húmoráhrifum. Hún segir til dæmis að yndisþokki annarrar konunnar sé „megn“ en í huga lesanda er það lýsingarorð tengt fnyk. Hugmyndir um megnan yndisþokka stangast með öðrum orðum á viðtekna hugmyndir um slíkan þokka; hann verður óbærilegur í stað þess að vera aðdáunarverður.

Þegar Málfríður gerir í upphafi grein fyrir því að konurnar tvær séu af prestaættum staðsetur hún þær í ákveðnum samfélagshópi í hástétt og í andstöðu við stétt hennar sjálfrar og stöðu í íslensku samfélagi. Svipað er uppi á teningnum þegar Málfríður nefnir að kostir annarrar konunnar séu í samræmi við „stöðu hennar“ og klæðnaðurinn „ágætur og viðeigandi“. Frúin klæðir sig eins og samfélagið ætlast til af henni en orðaval Málfríðar felur naumast í sér hól heldur kallar það fram hugmyndir eins og ‚vandaður og leiðinlegur/líkist fötum annarra kvenna úr sömu stétt‘ eða ‚ímyndunarlaus og sterill‘. Þannig hæðist Málfríður að þeim hugmyndum samfélagsins sem eru fylgifiskar stéttaskiptingar – tiltekinn klæðnaður skal keyptur til marks um efni – og gagnrýnir þankagang þess um leið. Háðið birtist jafnframt í því að Málfríður sýnir þessa konu – og reyndar einnig hina – sem hópsál án einstaklingseinkenna og sjálfsmyndar á meðan hún sjálf er einstaklingurinn sem sker sig úr. Eftir að hafa lýst klæðnaði og kostum konunnar beinir Málfríður sjónum sínum að fegurð

⁸⁷ Málfríður Einarsdóttir 1978:43-44

hinnar konunnar og yndisþokka og stillir síðan sjálfri sér upp sem algjörri andstæðu, hún er „dapureyg af sjúkleik og ákaflega viðutan“⁸⁸. Málfríður ræðir hvorki kosti sína né klæðnað – og gefur þar með í skyn að það sé ekki þess vert að nefna það – heldur setur hún líkama sinn og líðan á oddinn. Orðið dapureygur merkir að vera sjóndapur eða daufeygður.⁸⁹ Hugtakslíkingin sem orðin „dapureyg af sjúkleik“ kalla fram er því NEIKVÆTT ER DIMMT; en algengt er að veikindi séu tengd myrkri og erfiðleikum. Orðið viðutan kallar fram hugtakslíkinguna, LÍKAMINN ER ÍLÁT. Málfríður er ekki með sjálfri sér heldur er hún fyrir utan ílátið sem hún er eða skrokkinn á sér. Hún er ekki eins og hún á að sér að vera af því að líkaminn, sem hún er föst í, er sjúkur og ófullkominn. Lesandi þarf ekki mikið ímyndunarafl til að sjá að orðið vísar jafnframt til þess að Málfríður er líka fyrir utan samfélagshópinn sem gerir ráð fyrir viðeigandi klæðaburði og ágætum; hún er „viðutan“ eða ‚utangátta‘.

Ástæða þess að Málfríður fór til Danmerkur árið 1949 var sú að hún átti að leggjast á sjúkrahús.⁹⁰ Þar af leiðandi verður að teljast líklegt að hún hafi verið enn meðvitaðri en ella um heilsuleysi sitt og áhrif þess á líkama sinn. Það skýrir líka að hluta hvers vegna hún tekur sérstaklega vel eftir og lýsir nákvæmlega þeim konum sem eru andstæður hennar. Alls fór Málfríður þrisvar sinnum á Ljóslækningastofu Finsens í Kaupmannahöfn.⁹¹ Fyrstu tveimur skiptunum lýsir hún í *Úr sálarkirnunni*. Einkennandi fyrir frásagnirnar frá þessum tíma er að hún segir frá líðan sinni, lýsir umhverfi og staðháttum en einnig fólkinu sem hún kynnist. Í annarri heimsókn sinni til Kaupmannahafnar kemst Málfríður í kynni við konu af frönsku ætterni, frk. Pleatner. Báðar eiga þær það sameiginlegt að vera sjúklingar en í kaflanum „Fröken Pleatner“ lýsir Málfríður heilsu frk. Pleatner á þessa lund:

Frk. Pleatner heitir kona, og liggur hún hérna á bakið. Það er henni mikil þísl, og sér ekki fyrir endann á þísl þeirri. Margar þíslir hefur hún, étur sjúkdómurinn hryggjarliðina, maga hefur hún engan, eða lítinn, hold lín og grönn, fín bein, hárið er gránað af þíslunum, yfirliturinn fögur og fölnar dag frá degi, mígrænan ætlar hana lifandi að drepa; gulu hafði hún en gulan er horfin.⁹²

Í frásögninni er notast við endurtekningu, upptalningu og líkingar til að leggja aukna áherslu á heilsuleysi frk. Pleatner. Við þessa lýsingu bætir Málfríður að frk. Pleatner sé ágætur ljósmyndari og höfðinglunduð en hún hafi oft gefið sér vindil.⁹³ Þrátt fyrir að kaflinn hverfist að mestu leyti um frk. Pleatner lýsir Málfríður einnig sínum eigin veikindum og þjáningum.

⁸⁸ Málfríður Einarsdóttir 1978:44

⁸⁹ Sjá Mördur Árnason 2002:206

⁹⁰ Sjá Málfríður Einarsdóttir 1978:43

⁹¹ Sjá t.d. Málfríður Einarsdóttir 1978:43

⁹² Málfríður Einarsdóttir 1978:56-57

⁹³ Sjá Málfríður Einarsdóttir 1978:57

Hún segir meðal annars frá því að hún hafi dottið nokkrum sinnum, sér hafi liðið illa, hún hafi veikst og þjáningar hennar farið vaxandi dag frá degi. Þó Málfríður geti að einhverju leyti samsamað sig frk. Pleatner út frá veikindum sínum, stillir hún sjálfri sér samt sem áður upp sem andstæðu hennar. Það gerir hún með því að gera lítið úr sjálfri sér eftir að hafa boðað komu sína til frk. Pleatner en þurft frá að hverfa vegna veikinda:

Það skil ég ekki hvað frk. Pleatner gekk til að bíða eftir mér og vonast, mér, dauðum manningum og kunnandi fátt, ekkert til ljósmyndagerðar, illa kristinni, illa talandi mál landsins, hálfilla kunnandi á taktana, eða minnislítilli á þá sem annað, færandi spott að því sem henni þykir gott, en haturslausri til þess sem hún hræðist, syfjaðri og dottandi, rórillandi mér á stól, auk saumaskaparins, þessarar æviplágu.⁹⁴

Í upptalningunni má sjá að aðgreining Málfríðar á sjálfri sér og öðrum er margþætt. Írónían leikur stórt hlutverk en kjarni málsins er sá að í upphafi líkir hún sér við dauðan mann en telur síðan upp öll einkenni lifenda sem ættu ekki að skipta máli væri hún hrokkin upp af. En í sömu mund og hláturtaugunum er þannig dillað, afhjúpar þversögnin „líf og dauði“ ekki aðeins hvernig Málfríður upplifir sig andspænis öllum öðrum heldur um leið þá skoðun hennar að hún sé veikari en frk. Pleatner.

Lýsing Málfríðar á sjálfri sér felur líka í sér að hún skopast að frk. Pleatner sem henni þykir þó vænt um. Það gerir hún til dæmis með því að gera gys að því sem frk. Pleatner finnst gott og vera henni ósammála um það sem hún hræðist. Í upptalningunni kemur bersýnilega fram að Málfríður telur sig skorta þekkingu en með vott af íróníu segist hún ekkert þekkja til ljósmyndagerðar. Með orðum sínum vísar hún til þess að þær stöllum eru af mismunandi þjóðfélagsstétt. Málfríður er komin af fátækum íslenskum bændum, hún er snauð, hefur ekki haft tækifæri til að mennta sig, hvað þá stunda áhugamál á borð við ljósmyndun, ólíkt frk. Pleatner sem er af ríkum ættum og hefur þar af leiðandi alist upp við að hafa allt til alls. Stéttarmunur þeirra kemur jafnframt skýrt fram þegar Málfríður dregur upp mynd af mismunandi aðstæðum þeirra. Hún ímyndar sér að í Kolding, þar sem frk. Pleatner býr, sé „nógu vistlegt innanstokks og nóg af finlegu dóti til að una sér við um stund“⁹⁵ en orðavalið sýnir hugmyndir hennar um ríkidæmi sem hún hefur ekki sjálf. Þar að auki gerir hún sér í hugarlund að frk. Pleatner staulist um húsið sitt við kjöraðstæður eða sé liggjandi þar sem henni er sinnt. Sjálf býr Málfríður hvorki við bestu aðstæður né hefur þjónustur að snúast um sig og ólíkt frk. Pleatner dettur hún ýmist í samgöngutækjum eða þar sem hún er úti að ganga og er sárkvalin í myrkri á nóttu.

⁹⁴ Málfríður Einarsdóttir 1978:57

⁹⁵ Málfríður Einarsdóttir 1978:57

Samanburður Málfríðar á sjálfri sér og frk. Pleatner varpar ljósi á hvernig Málfríður upplifir stöðu sína í dönsku samfélagi. Henni finnst hún utanveltu vegna þess að hún er útlendingur, með samskiptaörðugleikunum sem því fylgir, og er þar að auki trúlaus. Trúleysi hennar kom óþægilega við marga þar sem það var talið frávik frá því hefðbundna eins og hún greinir víða frá í *Úr sálarkirnunni*.⁹⁶ Oft skopast Málfríður að hvorutveggja í senn, eigin trúleysi og hugmyndum um guð, eins og til að slá tvær flugur í einu höggi.⁹⁷ Þannig tekst hún á við enn einn þáttinn sem veldur því að hún upplifir sjálfa sig utangátta og á skjön við samfélagið sem hún býr í. En í sömu mund gefur hún samfélaginu langt nef. Uppreisnin er hluti af sjálfsmynd hennar í frásögninni.

Af framansögðu er ljóst að jafnvel þó að Málfríður beri sig saman við annan sjúkling, setur hún veikan líkama sinn á oddinn sem meginmun á sjálfri sér og öðrum. Muninn á stöðu hennar og annarra í samfélaginu má líka að miklu leyti rekja til þess líkama sem hún hefur. Þess ber að geta að Málfríður ber sig ekki aðeins saman við fólk sem er af annarri þjóðfélagsstétt en hún sjálf heldur gerir hún líka samanburð á sjálfri sér og langömmum sínum þar sem hún setur samfélagslegan bakgrunn sinn í brennidepil.

Lýsingu Málfríðar á langömmunum er að finna í kaflanum „Langömmur mínar fjórar“. Þrátt fyrir að hann sé stuttur eða rétt rúmlega ein og hálf blaðsíða fær lesandi tækifæri til að skyggjast inn í hversdagslegt líf fjögurra bændakvenna á níttjándu öld og sjá við hvernig aðstæður þær bjuggu og hvaða hlutverki var ætlast til að þær sinntu. Merkilegt er að þótt fjórum konum sé lýst skuli Málfríður að mestu leyti lýsa þeim öllum saman. Það gefur til kynna að líf þeirra hafi verið svipað og samfélagið hafi ætlað þeim áþekkt hlutverk sem mæðrum og bóndakonum. Í upphafi segir Málfríður að langömmur hennar hafi átt það sameiginlegt að vera margra barna mæður að utanskilinni einni. Því næst lýsir hún fríðleika tveggja þeirra en drýgstur hluti frásagnarinnar er þó um aðstæður og vinnusemi kvennanna.

Með breyttri endurtekningu leggur Málfríður áherslu á að tilbreytingarleysi hafi einkennt líf langamma hennar: „Þessar konur fjórar gengu *daglangt* og *árlangt* og *áratugum* saman um eldhús sín í síðu pilsunum sínum svörtu“⁹⁸ (leturbreyting mín). Hún leggur jafnframt áherslu á að klæðnaður kvennanna hafi verið drungalegur, skóbúnaður óhentugur og aðstæður heilsuspillandi:

⁹⁶ Sjá t.d. Málfríður Einarsdóttir 1978:224-226

⁹⁷ Í þessu samhengi má til dæmis nefna kostulegar lýsingar Málfríðar á „Ferðinni til Rómar“, fimmta kafla *Úr sálarkirnunni*. Sjá Málfríður Einarsdóttir 1978:131-148

⁹⁸ Málfríður Einarsdóttir 1978:156

Skinnskór á fótum, sumra þeirra tær bæklaðar af vondum skóm. Upp af eldinum í hlóðunum sté reykur og fór í augun, og urðu rauð, og bólgnuðu, og fór í berkjur langammanna og blésu þær út, og setti að hósta sem aldrei linnti, ljótur var sá hósti.⁹⁹

Þrátt fyrir hósta og bæklaðar tær létu langömmurnar aldrei deigan síga heldur héldu vinnu sinni áfram og gegndu því hlutverki sem samfélagið krafðist af þeim. Málfríður gerir góða grein fyrir öllum þeim störfum sem konurnar þurftu að sinna. Ljóst er af lýsingu hennar að um mikla erfiðisvinnu var að ræða en hún fólst meðal annars í því að „bera út ösku og skolp, sækja eldivið og vatn, skafa pottana svo stóra og þunga úr steypu járn, þvo böslin, klappa svitastokkin nærföt, verka hrossamóðu úr reiðfötum (gat tekið marga daga)¹⁰⁰ en einnig þurftu þær að þrifa heimilin, þvo þvott og sjá um börn og skepnur. Erfiðast af öllu hefur þó líklega verið að „ala öll þessi börn sem fylltu kirkjugarðana¹⁰¹. Um sorg eða söknuð ræðir Málfríður þó ekki. Hún eftirlætur ímyndunarafla lesenda þau og gerir lýsinguna þar með enn áhrifameiri en ella.

Í beinu framhaldi af vinnulýsingu langammanna og undir lok kaflans setur Málfríður fram stuttan samanburð á sér og formæðrum sínum:

Langömmur mínar fjórar voru allar stálhraustar (svo kom ég þessi dauðans vesalingur), og varð ekki meira um að skila af sér sínum 10-20 börnum en að drekka vatn. Sumar lágu þrjá daga á sæng.¹⁰²

Andstæðurnar hreysti og heilsuleysi eru hér í brennidepli. Samanburðurinn sýnir þó ekki aðeins mun á heilsufari heldur dregur hann einnig fram þá staðreynd að vegna veikinda hefur Málfríður ekki getað sinnt því hefðbundna kvenhlutverki sem samfélagið krafðist af konum um aldir.

Einstaklingurinn og aðgreining hans frá öðrum verður ekki til í tómarúmi heldur birtist hann ekki síst í víxlverkun við samfélagið sem hann lifir og hrærist í. Þrátt fyrir að þær lýsingar sem hér hefur verið fjallað um sýni að Málfríður greinir sjálfa sig skýrt frá öðrum vitna þær jafnframt um hvernig samfélagið aðgreinir hana og ýtir á jaðarinn. Um samfélagsaðgreininguna verður nánar fjallað í næsta kafla.

III.III Skoðun samfélagsins

Í bókmenntarannsóknum hafa menn gjarnan leitast við að kanna hvað gerist innra með persónum, skoða þankagang þeirra, hugmyndir, skoðanir, langanir og skynjanir eða með

⁹⁹ Málfríður Einarsdóttir 1978:156

¹⁰⁰ Málfríður Einarsdóttir 1978:156

¹⁰¹ Málfríður Einarsdóttir 1978:156-157

¹⁰² Málfríður Einarsdóttir 1978:156

öðrum orðum allt það sem undir eðlilegum kringumstæðum er hulið öðrum en einstaklingnum sjálfum. Þess ber þó að geta að það er sjaldgæft að lesendur fái að skyggjast í koll allra þeirra persóna sem þeir kynnast í hverjum skáldskaparheimi. Til að geta gert sér í hugarlund hvað fer fram í hugum þeirra persóna sem eru ekki aðgengilegir lesanda verður hann að beita sömu aðferðum og hann gerir í daglegu lífi, hugarlestri. Hugtakið hugarlestur er hversdagsheiti yfir hugarkenninguna (e. *Theory of Mind*) sem lýsir hæfni einstaklinga til að skýra hegðun fólks á grundvelli hugsana þess, tilfinninga, langana, skoðana og hugmynda. Þegar notast er við hugarlestur er tilgáta byggð á sýnilegum gerðum tiltekinnar manneskju eins og svipbrigðum, líkamshreyfingum og látæði, og henni eignað ákveðið hugarástand. Menn notast ekki aðeins við hugarlestur þegar þeir reyna að lesa í huga annarra heldur einnig þegar þeir túlka eigin tilfinningar á grundvelli hvers konar örvunar sem á sér stað í líkama þeirra; þeir gætu til dæmis túlkað það sem kvíða þegar þeir svitna. Þegar saga er lesin byggir lesandi einna helst skilning sinn á því að eigna óáþreifanlegum textasamsetningum, það er persónum, tilfinningar, skoðanir, langanir og getu til að hugsa. Út frá þessum skilningi getur hann sagt til um eða alltént getið sér til um ætlanir persóna og gjörðir.¹⁰³

Frásagnarfræðingurinn Alan Palmer notast við hugtakið *social mind* eða félagslegur hugur yfir alla þá þætti sem hægt er að kanna með ytri skoðun á persónu, það er sömu og/eða svipuðum þætti og menn hafa auga á þegar þeir beita hugarlestri.¹⁰⁴ Samkvæmt Palmer er svo að sjá sem í hefðbundinni frásagnarfræði hafi menn einatt leitast við að skoða það sem gerist innra með persónum en ytri þættir, svo sem háttalag þeirra og félagsleg samskipti, hafi verið látnir sitja á hakanum. Palmer telur þó ekki hægt að skilja skáldsagnapersónur til fulls ef ekki er haft auga á hvoru tveggja, þankagangi þeirra sem og því sem mótar þær hið ytra og þar með upplifun þeirra á heiminum öllum.¹⁰⁵

Mikilvægur þáttur í hugmyndinni um félagslegan huga er hæfni mannskepnunnar til þess að hafa samhug (e. *intermental thought*). Eins og orðið, samhugur, gefur til kynna er hugsun sem felst í slíkum huga sameiginleg hópi fólks. Samhugur er mikilvægur í þeim heimi sem kallast raunverulegur en Palmer segir að vitað sé fyrir víst að stór hluti hugsana manna fari fram í hópum. Sama máli gegnir um skáldskaparheiminn en þar er að finna hugarvirkni sem á sér stað, bæði í stórum hópum og öðrum minni. Palmer heldur því fram að samhug

¹⁰³ Sjá Zunshine 2006:6-9

¹⁰⁴ Sjá t.d. Palmer 2010, 2005, 2003

¹⁰⁵ Sjá Palmer 2010:39-40

megi finna í nær öllum skáldskap en einhverra hluta vegna hafi hann lítt verið kannaður í gegnum tíðina.¹⁰⁶

Hugmyndin um samhug er ekki allsendis ný af nálinni. Félagsfræðingar hafa til að mynda lengi rætt um að hugtök eins og hugur og hugsun/hugarstarfsemi megi yfirfæra á stærri hópa og segja „þessi hópur telur/man/ákveður“ og fleira af því tagi. Vitsmunastarfi er þar með dreift á hópinn, hann ákveður, hann gerir, hann leysir úr vandkvæðum. Palmer segir að með því að leggja áherslu á félagslegan huga sé um leið sett spurningarmerki við tvær ríkjandi staðhæfingar, annars vegar að hugarstarfsemi einstaklings sé aldrei aðgengileg öðrum en honum sjálfum og hins vegar að hugarstarfsemi einstaklings sé ávallt og án vandræða aðgengileg honum sjálfum.¹⁰⁷

Í bókinni *Social Minds* (2010) bendir Palmer á að samhugarvirkni (e. *intermental activity*) geti vissulega verið breytileg eftir aðstæðum og hópum. Í því sambandi gerir hann grein fyrir fáeinum atriðum sem einkenna mismunandi gerðir samhuga. Einn flokkinn kallar hann beinlínis samhuga (e. *intermental minds*) en undir þá gerð falla stórir, miðlungs og litlir hópar fólks sem hefur þekkt vel og lengi. Fyrir vikið er eins og það myndi einn sameiginlegan huga. Sem dæmi um slíka hópa má nefna hjón eða afar nána vini. Stærri hópar geta einnig myndað samhug, til dæmis heilt samfélag.¹⁰⁸

Palmer hefur bent á að lesendur fá aðgang að söguheimi bókmennta með því að fylgja eftir hugarvirkni persóna sem er lýst og þá sérstaklega hvernig persónurnar reyna að lesa í hug hvernar annarrar. Vegna þess að menn séu kunnugir samhugarvirkni í einhverjum mæli í hinum raunverulega heimi geti þeir betur sett sig inn í hugarheim persóna, áttað sig á tengslum þeirra á milli og lesið í bæði fólk og aðstæður.¹⁰⁹ Í tengslum við kenningar Palmers er athyglisvert að kanna hvernig Málfríður nýtir hugarlestur til að greina almenna „skoðun“ samfélagsins, eða samhug þess, í bókinni *Úr sálarkirnunni* og hvernig skoðanir samfélagsins verða til þess að henni er ýtt út á jaðar samfélagsins.

III.III.I „Sú skúfun varð ævilöng“

Andstæðurnar hástétt og lágstétt eru eins konar byggingarstef í verkinu *Úr sálarkirnunni*. Í fyrsta þætti bókarinnar fær lesandi greinargóða en mjög gagnrýna lýsingu Málfríðar á Reykjavík og lífinu þar á fjórða áratug tuttugustu aldar. Hún opnar allmargar dyr til að gefa

¹⁰⁶ Sjá Palmer 2010:41

¹⁰⁷ Sjá Palmer 2010:43-44

¹⁰⁸ Sjá Palmer 2010:47-48

¹⁰⁹ Sjá Palmer 2010 og 2005

myndir af erfiðum kjörum almennings á kreppuárunum, hífýlum, atvinnu og lífsviðurværi. Gráminn er bakgrunnslitur frásagnarinnar þar sem lýst er skörpum skilum á milli þeirra ríku og fátæku. Um örðugleika áratugarins segir Málfríður:

Áratugur þessi, hinn fjórði á tuttugustu öld, var slíkum sígráma undirorpinn, að frá honum hæfir ekki að segja nema með neitandi eða afvísandi forskeyti, og geri ég það. Hann var ó, hann var æ.¹¹⁰

Með notkun einfaldra upphrópana, ó og æ, tekst Málfríði að draga upp breiða mynd af samfélagi Reykjavíkur á fjórða áratug síðustu aldar. Lesandi getur vel fyllt inn í eyðurnar sjálfur og áttað sig á hversu ógurlegt og ægilegt lífið kann að hafa verið þeim sem tilheyrðu lægri stéttum þjóðfélagsins á þessum tíma. Málfríður sjálf tilheyrir lágstétt. Í eins konar inngangskafli, „Þegar við komum hingað“, að kaflanum „Fjórði áratugurinn“ segir hún um stöðu sína í samfélaginu:

Auðvitað var okkur undir eins skúfað út úr þessu þjóðfélagi (sem ekki var til), það gerði af mestum skörungsskap sá sem af mestum skörungsskap studdi sjálfan sig til valda og metorða, „Hin heilaga prestastétt.“ Sú skúfun varð ævilöng.¹¹¹

Stéttaskiptingin er augljós; Málfríður tilheyrir lágstétt en prestarnir, embættismennirnir, hástétt. Málfríður skipar öllum prestum í einn hóp og gefur sér að þeir hafi þar með sambærilegar skoðanir og séu samhuga. Af textanum að dæma hefur hún greinilega lesið svo í hegðun þeirra, orð og aðra tjáningu að þeir líti í krafti embætti síns stærra á sig en á hana og hennar líka. Gagnrýnin sem birtist í þessum stutta texta einkennist af íróníu. Eitt einkenni hennar er að henni er iðulega beint gegn ákveðinni persónu eða málstað í árásarskyni. Oft og tíðum eru andstæðingum eignaðir tilteknir eiginleikar eða afrek sem koma ekki heim og saman við veruleikann eða skoðun þess sem talar. Raunveruleg merking er andstæðan við þá merkingu sem lýsir af orðum viðkomandi.¹¹² Merking íróníunnar er margþætt en hún ræðst bæði af því sem sagt er og því sem látið er ósagt en jafnframt af samspili þess sem hæðist, þess sem verður fyrir háðinu og túlkandanum.¹¹³ Með notkun gæsalappa og lýsingarorðinu „heilaga“ hæðist Málfríður að prestunum sem í gegnum tíðina hafa verið allt annað en heilagir við að koma sér upp metorðastigann. Málfríður beitir einnig íróníu þegar hún bendir á, í hárnákvæmri innskotssetningu, að samfélagið hafi „ekki“ verið til en samt hafi ríkt stéttaskipting. Þannig sýnir hún ekki aðeins að stéttaskipting sé svo rótgróin að hún þrífist

¹¹⁰ Málfríður Einarsdóttir 1978:18

¹¹¹ Málfríður Einarsdóttir 1978:10

¹¹² Sjá Jakob Benediktsson 2008:108

¹¹³ Sjá Bergljót Soffía Kristjánsdóttir 2001:81

jafnvel þar sem ekki er samfélag; hún beinir hugum líka að því að samfélagið er ekki lengur fyrst og fremst bændasamfélag og þó ekki orðið borgaralegt samfélag.

Í inngangskaflanum leggur Málfríður grunn að því hvernig líf hennar varð í Reykjavík á fjórða áratugnum. Frásagnir hennar af þeim tíma vitna um að hún hefur upplifað sig sem jaðarpersónu og vart sem hluta af borgarasamfélaginu. Ein skýringin er eflaust sú að hún tilheyrir lágstétt, önnur að hún er aðflutt úr sveit. Ragnheiður Kristjánsdóttir sagnfræðingur fjallar um mismunandi þjóðfélagshópa í doktorsritgerð sinni, *Nýtt fólk* (2008). Hún bendir á að þrátt fyrir að á seinni hluta nítjándu aldar hafi verið rætt um marga mismunandi hópa fólks í opinberum umræðum, eins og til dæmis á Alþingi, bendi rannsóknir til þess að sá skilningur hafi ríkt að þjóðin skiptist í tvær stéttir, annars vegar embættismenn og hins vegar bændur. Bændur voru taldir kjarni þjóðarinnar en allir þeir sem ekki voru embættismenn töldust til bændastéttarinnar, þar með talin vinnuhjú. Þrátt fyrir að þetta væri almennur skilningur fólks var stéttaskiptingin í raun og veru ekki svona hrein og bein. Það var til hópur fólks sem tilheyrði hvorki bændum né embættismönnum.¹¹⁴ Um þennan hóp segir Ragnheiður:

Þetta voru þeir sem annað hvort gátu ekki eða vildu ekki fóta sig í sveitunum. Í rannsóknum þeirra sem hafa fengist við félags-, hag- og stjórnmálasögu gamla bændasamfélagsins hefur komið fram að þeir sem tilheyrðu þessum hópi hafi almennt verið álitnir ónytjungar og iðjuleysingjar, ef ekki hreinlega ógn við þjóðfélagsskipunina. Samfélagið hafi gert ráð fyrir að með dugnaði og eljusemi ættu allir að geta orðið bændur. Þeir sem ekki urðu bændur (eða embættismenn) hefðu gerst sekir um uppgjöf eða jafnvel svik við þjóðina.¹¹⁵

Ragnheiður bætir við að um aldamótin 1900 hafi þessi hópur skipst í þrjá hluta: þurfamenn, þá sem fluttu til Vesturheims og þá sem fluttu úr sveit til að vinna launavinnu í þéttbýli.¹¹⁶ Hópurinn sem flutti úr sveit í borg stækkaði ört næstu áratugi en frá aldamótum og til ársins 1930 fjölgaði mönnum í Reykjavík úr 6667 manns í 28304.¹¹⁷ Helgi Skúli Kjartansson segir að á fyrstu tveimur áratugunum hafi verið skýrt samband á milli kjara manna og hversu lengi þeir höfðu búið í borginni; en kjörin bötnuðu að jafnaði við lengri búsetu.¹¹⁸

Málfríður er ein þeirra sem hafnar sveitalífinu og flytur í höfuðborgina, Reykjavík. Hún tilheyrir þó eiginlega tveimur af hópunum þremur sem Ragnheiður Kristjánsdóttir gerir grein fyrir. Málfríður útskýfar sjálfri sér úr bændastéttinni sem hún þó fæddist í. Í Reykjavík er henni hafnað af ríkjandi stétt því hún fær ekki atvinnu og telst þar með í hópi þurfalinga. Það er ekki nóg með að Málfríður skeri sig úr fjöldanum vegna þess að hún hefur hafnað sveitinni

¹¹⁴ Sjá Ragnheiður Kristjánsdóttir 2008:37-40

¹¹⁵ Ragnheiður Kristjánsdóttir 2008:40

¹¹⁶ Sjá Ragnheiður Kristjánsdóttir 2008:40

¹¹⁷ Sjá Þorleifur Friðriksson 2007:86

¹¹⁸ Sjá Halldór Guðmundsson 1987:29

og endað sem ‚ómagi‘. Hún er að auki kona og sjúklingur sem hefur áhuga á að skrifa bækur. Bakgrunn Málfríðar og stöðu hennar í nýju samfélagi má líta á sem eitt af grunnatriðunum í sjálfsmynd hennar sem hún sviðsetur, í verkum sínum.

Menntamenn koma mjög við sögu í *Úr sálarkirnunni*. Þeir voru mun færri á þeim tímum sem Málfríður ræðir um en nú. Menntamannaelíta var óðum að myndast en þeir sem hana skipuðu litu svo á að þeim væri beinlínis ætlað lykilhlutverk við að byggja upp og skapa hið nýja íslenska samfélag og jafnvel hafa vit fyrir fjöldanum. Þeir gerðu með öðrum orðum ráð fyrir að þeir væru hæfari en almúginn til að móta samfélagið, greindu sig frá honum og ætluðust til að litið væri upp til þeirra. Og sú varð raunin enda voru þeir hluti valdastéttarinnar sem ákveður gildi og setur viðmið.¹¹⁹ Vegna þess hve menntamenn voru í hávegum hafðir er skemmtilegt hversu mjög Málfríður hæðist að þeim í skrifum sínum. Í kaflanum „Hrakfallasaga mín“ lýsir hún bæði veikindum sínum og samskiptum við lækna. Það er greinilegt að í huga hennar mynda lækna, eins og prestar, einn stóran hóp sem hefur áþekkar skoðanir og skipar eina af hærri stéttum samfélagsins. Í kaflanum kemur vel fram hvernig Málfríður notast við hugarlestur til að greina skoðanir læknanna og afhjúpa fákunnáttu þeirra. En það er ekki aðeins Málfríður sem beitir hugarlestri heldur þarf lesandi einnig að lesa í líðan Málfríðar sem og framkomu læknanna sem hún ræðir við.

Ástæðu þess að Málfríður ákveður að fara til læknis má rekja til axlarmeidsla en hún lýsir því að öxl sín hafi verið orðin „langpínd og sár.“¹²⁰ Orðin tvö gefa til kynna að um mikinn sársauka hafi verið að ræða svo að lesandinn getur gert sér í hugarlund hvernig henni hefur liðið (þó að hann hafi aldrei upplifað axlarmeidsli). Lýsingar hennar vitna um að samskipti hennar við læknastéttina eru fremur örðug, ekki síst vegna þess að læknarnir eru ekki vissir um hvernig skuli meðhöndla mein hennar:

Vel getur verið, að margir lækna skilji vel líkamann og mein hans, en þessi skildi ekki öxl mína og mein hennar. (Samt held ég hann vera prýði stéttar sinnar). Hann sendi mig til annars læknis, sá var doktor medicinae og hinn hálærðasti, sérfróður í þeim veikindum sem raunar ömuðu mér, og sendi hann mig (hálfvegis) til annars, sem vera kynni enn hálærðari og einnig doktor í sinni sömu sérfræði.

Báru nú þessir þrír (eða tveir) spekingar saman ráð sín, og urðu þeir ásáttir um að mig skyldi nudda og gefa mér heita geisla á öxlina sem farin var að byrja að stirðna.¹²¹

Málfríður er sýnilega öðru fremur vandamál í augum læknanna. Þeir geta ekki gert upp við sig hvað skuli gera og senda hana hver á annan. Málfríður hæðist fyrir vikið að þeim, lastar þá nánar tiltekið með lofi, tíundar menntunartitla þeirra, rómar þekkingu þeirra og ágæti – í sömu

¹¹⁹ Sjá Halldór Guðmundsson 1987:45-61

¹²⁰ Málfríður Einarsdóttir 1978:41

¹²¹ Málfríður Einarsdóttir 1978:41

mund og hún lýsir niðurstöðu sem naumast þarf marga lækna til að komast að: hiti og nudd gefast oft vel við eymslum í liðum. Málfríður undirstrikar íróníuna enn frekar þegar hún notar málið sem læknar sletta oft óspart, latínuna, til þess eins að hæðast enn frekar að þeim. Umfjöllunin um „lækninguna“ sjálfa er sömuleiðis lituð háði. Hún tekst ekki sem skyldi þó að hún hafi verið hugvitssöm og stunduð af „þvílíkri alúð og kostgæfni.“¹²² Um viðbrögð nuddlæknis síns í kjölfarið segir Málfríður:

Ekki gæddist meinsemd mín, enda ekki von, heldur glæddist hún, en hitt sem ekki vildi glæðast, það var skilningurinn hjá nuddlækninum mínum, blessuðum karlinum, heldur sat hann með höfuðið gríðarbreitt á alla kanta, saklaus af skilningi.¹²³

Það sem er einkum athyglisvert í þessari lýsingu er hvað Málfríður nýtir til að lýsa í hug læknisins eða lesa hug hans. Það er höfuðlag hans sem minnir frekar á höfðuð ungabarns en fullvaxta karlmanns. Orðin „saklaus af skilningi“ styrkja að um líkingu við ungabarn sé að ræða. Málfríði finnst læknirinn ekki starfi sínu vaxinn, vitneskja hans, viðbrögð og kunnátta séu á við ómálga barn. Írónían er augljós; lýsingar Málfríðar rekast harkalega á við viðteknar hugmyndir samfélagsins um að skilningur, þekking og skólun haldist í hendur – hugmyndir sem meðal annars eru notaðar til að réttlæta stéttaskiptingu. Hugmyndafræði menntamannaelítunnar lýsir Halldór Guðmundsson í bók sinni „*Loksins, loksins*“ *Vefarinn mikli og upphaf íslenskra nútímabókmennta* (1987). Hann segir að menntamenn á þriðja áratug síðustu aldar hafi litið svo á að þeirra hlutverk fælist í því að stjórna þjóðfélaginu þar sem þeir hefðu þekkinguna sem nýttist til almannaheilla. Þrátt fyrir að hugmyndir þeirra væru kynntar sem einskonar föðurleg umhyggja er ljóst að um algjöra forræðishyggju var að ræða.¹²⁴ Jafnvel þótt að umfjöllun Halldórs einskorðist við þá menntamenn sem vildu hafa áhrif á menningarlíf þjóðarinnar á þriðja áratugnum er ljóst að sambærilegar skoðanir mörkuðu ýmsa menntamenn, eins og til dæmis lækna, áratug síðar. Menntamennirnir höfðu þekkinguna og þar með vald og töldu að þar með væri sjálfgefið að þeir gætu hafið sig yfir hinn almenna borgara.¹²⁵

Málfríður lýsir því hvernig stirðleiki axlarinnar ágerist, það byrji að drjúpa úr meinsemdinni og gúlpur myndist í kjölfarið. Enn standa læknarnir uppi ráðalausir, hjálpsemi þeirra dvínar og þeir verða Málfríði enn fjarlægari en áður:

¹²² Málfríður Einarasdóttir 1978:41

¹²³ Málfríður Einarasdóttir 1978:41

¹²⁴ Sjá Halldór Guðmundsson 1987:48

¹²⁵ Um þessar skoðanir vitna til dæmis orð Guðmundar Finnbogasonar og Sigurðar Nordal sem Halldór Guðmundsson ræðir um í fyrrnefndri bók. Sjá Halldór Guðmundsson 1987:46-52 Sjá einnig Árni Sigurjónsson 1986

Að endingu tók þessi hörmung enda, því allt tekur enda, en gúlpurinn vildi ekki hjaðna og liðamótin ekki liðkast. Stundum hljóp í mig dyntur að fara til lækna og spyrja þá, en þeir *störðu galtómum augum út í bláinn* og svöruðu eins og vættur úr bergi (*holum tóni*): „Þetta er fituæxli (gúlpurinn). Þetta er vöðvarýrnun“. Mér heyrðist þeir *tóna* þetta. Stundum var engu svarað, nema símtólið lagt á.¹²⁶ (Leturbreyting mín)

Út frá látæði læknanna og svipbrigðum les Málfríður svo í huga þeirra að þeir viti ekki hvernig þeir eigi að lina þjáningar hennar. Líkamstjáning þeirra og svör benda ekki eingöngu til þess að þeir séu ráðalausir heldur jafnframt að þeim finnist nærvera hennar svo óþægileg að þeir geti ekki horfst í augu við hana. Reyndar hefur rödd hennar ein sömu áhrif líka því þegar hún hringir til þeirra mæta henni annað hvort stöðluð svör eða þögn. Áður hefur komið fram að Málfríður hafði ekki mikið álit á prestum. Þegar hún segir að læknarnir tóni líkir hún þeim við presta svo leiða má að því líkum að hún líti þessar stéttir sömu augum. Síðar kemur fram að læknunum hafi ekki tekist að finna bót á líðan hennar og þá hafi greint á um úrræði; einn hafi til dæmis sagt að hún ætti að bíða róleg og sjá til hvað gerðist og annar hafi gefið til kynna að liðberklar, eins og hrjáðu hana, greru iðulega af sjálfu sér á tveimur árum, sama hvaða meðferð væri beitt.¹²⁷

Um miðbik kaflans brýtur Málfríður frásögn sína upp með því að ávarpa lesendur sína :

Þú munt nú spyrja hvort fáránlegra sé og fávíslegra, atferli hinna hálærðu doktora og sérfræðinga sem létu hin sjúku liðamót fá þá meðferð sem þeim var verst, eða roluskapur minn að láta þetta við gangast. Því er að svara, að ég hélt að doktorarnir væru alvitrir og óskeikulir, nokkurskonar páfar í sinni mennt. Og auðvitað eru þeir það.¹²⁸

Lesendur eru nánast skyldaðir til að taka afstöðu með Málfríði á móti læknunum. Hún bendir á, í textanum hér að framan, að hún hafi, eins og að öllum líkindum þorri almennings, talið að læknarnir vissu sínu viti og þar með hvaða meðferð hentaði veikindum hennar. Af öllum málflutningi hennar að dæma er þó ljóst að þeir læknar sem hún hefur rætt við hafa ekki haft þekkingu til að bregðast rétt við veikindum hennar. Verst af öllu er þó framkoma þeirra við Málfríði. Í krafti stöðu sinnar í samfélaginu geta þeir bægt henni frá eins og óþægilegu vandamáli sem best er að forðast. Að einhverju marki er það tímanná tákni. Eflaust hefur afstaða læknanna þó líka að einhverju leyti markast af því að Málfríður var kona sem átti lítið undir sér. En hvernig sem á málið er lítið vitnar framganga læknanna um stéttaskiptinguna sem ríkir, þeir eru Málfríði æðri, þurfa ekki að standa henni skil á neinu og geta hagað sér eins og þeim sýnist.

¹²⁶ Málfríður Einarsdóttir 1978:41-42

¹²⁷ Sjá Málfríður Einarsdóttir 1978:42-43

¹²⁸ Málfríður Einarsdóttir 1978:41

III.III.II Rithöfundar og skáldagrillur

Málfríði verður tíðrætt bæði um skáld og bókmenntir en greinilegt er á skrifum hennar að hún metur ritlistina mikils. Í *Úr sálarkirnunni* lýsir hún til að mynda í löngu máli aðdáun sinni á rithöfundunum Selmu Lagerlöf og Einari Benediktssyni, ræðir um víðtækan lestur sinn og hneykslast á þeim Íslendingum sem ekki kunna að meta *Brekkukotsannál* Halldórs Laxness.¹²⁹ Það leikur enginn vafi á því að henni finnst oft halla á skáld og verk þeirra í íslensku samfélagi. Það kemur því ekki á óvart að hún geri stöðu skálda að umræðuefni sínu í umfjöllun um lífið á fjórða áratugnum. Eins og áður hefur komið fram var fjórði áratugurinn erfiður mörgum hópum þjóðfélagsins. Skáldin fóru ekki varhluta af þessum örðugleikum en um stöðu þeirra á þessum tíma segir Málfríður:

Þá gengu skáld um götur með svo lítið af aurum í vasanum að viðbúið var að snilldarandinn gufaði þeim upp af höfði en líkaminn lognaðist útaf að fullu. Ekkert vissi neitt þeirra hvað taka skyldi til bragðs.¹³⁰

Upphaf málsgreinar Málfríðar, „Þá gengu skáld um götur“ kallast á við ljóðlínuna „Þá riðu hetjur um héruð“¹³¹ úr ljóðinu *Íslandi*, einu frægasta ljóði Jónasar Hallgrímssonar. Með því að nota áþekkt orðalag og Jónas ber Málfríður, á útsmoginn og írónískan hátt, rómantískar hugmyndir hans fram svo að skáldin í samtímanum megi vera þjóðinni það sem hetjurnar voru honum. En um leið og glettnin skín af umfjölluninni um Jónas nær broddurinn inn í samtíma Málfríðar á fjórða áratugnum, því rómantískar hugmyndir um íslenskt samfélag voru þá enn við lýði.¹³² Einkar skemmtilegt er hvernig hún efnisgerir „snilldarandann“ og hugsar sér að hann gufi upp um leið og kroppurinn syngur sitt síðasta.

Síðar í frásögninni kemur fram að þeim sem sitja við stjórnvölinn er ekki sérlega annt um að halda lífi í skáldunum, þau eru allt annað en hetjur samtímans. Málfríður vekur athygli á að landsfeðrum hafi þótt nær að hjálpa bændum fyrst og láta þar með skáldin sitja á hakanum. Hjálparstarfsemin ætluð bændunum fólst í því að flytja inn til landsins erlent sauðfé með góðu skinni. Allar lýsingar Málfríðar á erlendu ánum, viðtökum þeirra og áhrifunum sem þær höfðu á íslensku kindurnar eru litaðar háði. Hér er ein þeirra:

Nú komu kindurnar hingað um höfin svo breið og voru fríðari en sést hafði og mikil var tilhlökkun bændanna að geta nú loksins boðið frúm sínum skinnkápur svo fagrar sem þeim hæfði.

¹²⁹ Sjá Málfríður Einarsdóttir 1978:72-78 og 216-222

¹³⁰ Málfríður Einarsdóttir 1978:14

¹³¹ Jónas Hallgrímsson 1993:35

¹³² Sjá t.d. Halldór Guðmundsson 1987:45-61

Það fór öðruvísi. Engin frú fékk neina fallega kápu. Engin íslensk kind fékk haldist heilbrigð á geði við að horfa á sauðkind miklu fríðari sér, það næddi um sálir þeirra helgustur öfundskýkinnar.¹³³

Með íróníu gagnrýnir Málfríður embættismenn landsins fyrir ranga forgangsröðun og slæma ákvarðanatöku; ákvarðanatöku sem hjálpar ekki bændum en bitnar á þeim sem síst skyldi, skáldunum. Sauðkindin er sett ofar öðru líkt og hjá Bjarti í Sumarhúsum. Írónían sem hefur ekki síst beinst að því á fjórða áratugnum að bændasamfélagið var á fallanda fæti, verður enn magnaðri mörgum áratugum seinna þegar bókin kemur út og það er löngu horfið. Með því að tengja saman kápulausu frúrnar og öfundsjúku íslensku ærnar sem fara yfir um á geði af því hvað þær öfunda innfluttu erlendu kindurnar ýtir Málfríður undir að lesendur hugsi til skáldanna og velti fyrir sér ytra byrðinu (klæðnaði) og því sem undir býr (ímyndunaraflí, sköpun). Svo ekki sé talað um smáþjóðarkompleksa Íslendinga og hvernig þeir gapa oft upp í erlend fyrirbæri þegar síst skyldi.

Málfríður tekur stórt upp í sig þegar hún ræðir um skáldin á fjórða áratugnum því vissulega gekk þeim ekki öllum illa að fá verk sín útgefin. Því til stuðnings má nefna að Halldór Laxness gaf út stórvirkin *Sölku Völku* (1931–1932), *Sjálfstætt fólk* (1934–35) og *Heimsljós* (1937–1940) og Þórbergur Þórðarson sendi frá sér *Íslenskan aðal* (1938).¹³⁴ Engu að síður er ljóst að fyrir ný og óreynd skáld hefur vafalaust verið erfitt að stíga sín fyrstu skref á ritvellingum þar sem fé til bókaútgáfu var af skornum skammti. Auk þess var rithöfundasamfélagið á Íslandi afar karllægt langt fram eftir tuttugustu öldinni sem skýrir einnig hvers vegna lítið var um útgefin verk eftir konur.

Í *Úr sálarkirnunni* segir Málfríður frá reynslu sinni af því að reyna að verða skáldkona á fjórða áratugnum. Hún var ung að árum þegar hún fékk þá hugmynd í kollinn að gerast rithöfundur og skrifa bækur. Á uppvaxtarárum hennar var fátítt að konur héraendis gæfu út skáldverk svo leiða má að því líkum að því að það hafi verið erfitt fyrir unga konu að stefna að rithöfundarferli. En það er líka erfitt að hafa taumhald á hugsunum sínum og löngunum og um skáldagrillur sínar á fjórða áratugnum og erfiðleikana við að fá tækifæri til að gegna ritstörfum segir Málfríður:

Þá var verið að undirbúa stríð úti í heimi, til þess fengust nógir peningar, en ekki til tveir aurar fyrir penna handa mér. Alltaf var samt að brjótast í mér þessi undarlegi hugur sem enginn ansaði, að reyna að eignast aura fyrir penna og blaðsnífsi, og stund og stund til að

¹³³ Málfríður Einarsdóttir 1978:14

¹³⁴ Í bókinni „*Loksins loksins*“: *Vefarinn mikli og upphaf íslenskra nútímabókmennta* gerir Halldór Guðmundsson grein fyrir því að mikil gróska hafi ríkt í bókmenntum á þriðja áratug tuttugustu aldar. Þrátt fyrir það fengu höfundar afar lítið borgað fyrir verkin sín (ef þeir fengu þá eitthvað) og því fáir sem voru atvinnurithöfundar. Sjá Halldór Guðmundsson 1987:37-44

krota á snifsið, en aldrei varð úr neinu. Stundum (seinna) íaði ég að því við gamalt fólk, hvort ég ætti ekki að skrá eitthvað úr þess merkilega æviferli, en nei, enginn trúði mér til þess. Ekkert varð samt af því að fólkið gerði þetta sjálft, sá sem ekki hefur áratú til skrifta, hann skrifar ekki neitt, sama er hversu merkilegur hann er og merkileg hans ævi. Litla fólkið sem ég spurði, það hélt að sér dytti ekkert í hug. Samt var þetta mikillátt fólk. Já já langt fyrir ofan mig, líka í skriftarmennt.¹³⁵

Þrátt fyrir að frásögnin hér að framan sé stutt er hún mikilvæg og dýrmæt heimild um hvernig upplifun það hefur verið að vera íslensk kona og þrá að skrifa bækur þegar líða tók á fjórða áratug 20. aldar. Í heiminum voru til nægir peningar í eyðingu og styrjaldarekstur en á Íslandi engir í sköpun. Stéttaskiptingin markar allar tilraunir Málfríðar til skrifta. Fyrirfólkið sem á mikið undir sér treystir ekki nafnlausri konu fyrir endurminningum sínum en „litla fólkið“ heldur að það hafi ekki frá neinu að segja. Við bætist að karllæga rithöfundasamfélagið vitnar aðeins um ríkjandi hugmyndafræði: Konur eiga að annast börn og bú en ekki skrifa bækur. Með kenningu Palmers í huga mætti þar með segja að í verkum Málfríðar birtist mynd af samfélagi sem hafi verið samhuga um að koma í veg fyrir að Málfríður fengi tækifæri til að skrifa.

Hvers vegna lét Málfríður ekki undan kröfum samfélagsins og gaf rithöfundardrauma sína upp á bátinn? Hún var sískrifandi alla ævi og lét aldrei bugast þrátt fyrir mótlætið sem hún varð fyrir hvað eftir annað. Líklega hefur þessi „undarlegi hugur“ sem braust um í henni skipt sköpum fyrir staðfestu hennar enda talar hún um þörfina til skrifta sem „áratú“.

Aftarlega í *Úr sálarkirnunni* má finna litla klausu þar sem Málfríður ræðir þær miklu breytingar sem orðið hafa á framkomu fólks gagnvart henni í kjölfar þess að *Samastaður í tilverunni* kom út:

Síðan ég gaf út bókina hefur verið svo mikið látið með mig, að það er stórlega undrunarvert. Og ég sem engu hef átt að venjast um árin löng og mörg nema sniðgengilshætti og apaþíu, svo sem þeir voru síúðrandi við sitt dont, sem það auðsýndu mér.

Mér var *ofaukið í þeirra* hugskotsinum.¹³⁶ (leturbreyting mín)

Afstaða samfélagsins og þar með samhugur þess hefur breyst á tæplega hálfri öld. Á kreppuárunum þóttu hugmyndir Málfríðar og rithöfundardraumar fásinna, hún var álitin sérstök og þess vegna litin hornauga af stærstum hluta fólks. Samfélagið sameinaðist um að hafna henni sem rithöfundi því henni var „ofaukið í þeirra hugskotsinum.“¹³⁷ Frásögn hennar sýnir einna best hversu mikil áhrif samhugur samfélagsins getur haft á líf einstaklings. Samfélagið getur gert hvorttveggja útskúfað einstaklingi úr samfélaginu eða hafið hann upp til

¹³⁵ Málfríður Einarsdóttir 1978:17

¹³⁶ Málfríður Einarsdóttir 1978:248

¹³⁷ Málfríður Einarsdóttir 1978:248

hæstu hæða. Reynsla Málfríðar sýnir að ekki skiptir sköpum hvað menn hafa fram að færa heldur miklu frekar tíminn sem menn koma fram á og undirtektir samfélagsins. Þegar bækur Málfríðar komu loksins út var önnur „bylgja“ kvennahreyfingarinnar risin á Íslandi; drýgstur hluti kvenna farinn að vinna úti – og konum í rithöfundastétt tekið að fjölga.

IV Málfríður og veikindin

IV.I Hvað er sársauki?

Ég var ekki gömul þegar mér var orðið það ljóst, að líf mitt jafngilti sjúkdómi, og undan þeim sjúkdómi varð ekki komist, en það mátti bæta hann með einu móti: að bæta öðrum sjúkdómi við, sem þá mátti kallast sjúkdómurinn í sjúkdómnum.¹³⁸

Málfríður stríddi við veikindi lungann úr ævi sinni. Sjúkdómar hennar og þjáningar voru margvísleg. Það kemur því ekki á óvart að í *Úr sálarkirnunni*, og öðrum frásögnum af sjálfsævisögulegu tagi, skuli Málfríður ræða rækilega um veikindi sín og sársauka. Fróðlegt er að velta fyrir sér hvaða aðferðum hún beitir þegar hún talar um þær þíslir sem hafa hrjáð hana. En áður en það er gert er ekki úr vegi að víkja að hugmyndum manna um hvað felst í sársauka, hvernig almennt er fjallað um það óáþreifanlega fyrirbæri og hvernig menn upplifa gjarnan sársauka annarra.

Erfitt getur verið að skilgreina hvaða skilning menn leggja í orðið sársauki enda eru birtingarmyndir hans af ýmsum toga og einstaklingar upplifa hann á misjafnan hátt. Útskýring *Íslenskrar orðabókar* á honum er fátækleg en þar eru gefin samheitin „verkur, kvöl, pína.“¹³⁹ Svipað er uppi á teningnum ef litið er á orðið þjáning en það er skilgreint með orðunum „kvöl, sársauki.“¹⁴⁰ Hér er um hringskýringu að ræða því hvorug útskýringin segir til um hvað sársauki er í raun og veru. Það er því betra að hafa skilgreiningu Alþjóðlegra samtaka rannsókna á sársauka, *The International Association for the Study of Pain* (IASP), að leiðarljósi en þau skilgreina sársauka á eftirfarandi hátt: „Óþægileg skynjun og tilfinningaleg upplifun samfara raunverulegum vefskemmdum eða útskýring á slíkum skemmdum.“¹⁴¹ Í skilgreiningum IASP segir jafnframt að sársauki sé ætíð einstaklingsbundinn og alltaf sálfræðilegt ástand. Daniel B. Morris bendir á í greininni „Narrative, Ethics and Pain“ (2001) að það sem sé gott við þessa skilgreiningu sé að tilfinningaleg (e. *emotional*) upplifun sé tengd sársaukanum í stað þess að hún sé sögð vera viðbrögð við honum eins og stundum er gert. Auk þess bendir hann á að skilgreiningin vitni um miklar breytingar í hugsun um sársauka.¹⁴² Hann segir til dæmis að í staðinn fyrir að menn haldi því fram að sársauki orsakist aðeins af líkamsstarfsemi, taugaboðum og öðrum læknisfræðilegum þáttum sé nú búið að viðurkenna að hann geti einnig átt sér aðrar rætur. Hann gerir þá ráð fyrir því að menning og

¹³⁸ Málfríður Einarsdóttir 1978:280

¹³⁹ Mörður Árnason 2002:1253

¹⁴⁰ Mörður Árnason 2002:1814

¹⁴¹ „An unpleasant sensory and emotional experience associated with actual or potential tissue damage, or described in terms of such damage.” Morris 2001:57

¹⁴² Sjá Morris 2001:57

umhverfi geti verið einn af orsakavöldum streitu. Hann nefnir líka að sé tekið mið af samspili menningar og sársauka séu meiri líkur en ella á að menn skilji að unnt er að skýra frá veikindum í frásögn þannig að mark sé takandi á.¹⁴³

Innan atferlisfræðinnar eru uppi kenningar sem ríma vel við hugmynd Morris en þar hefur því verið haldið fram að bæði streita og streituvaldandi atburðir geti leitt af sér þunglyndi.¹⁴⁴ Texti Málfríðar í *Úr sálarkirnunni* vitnar um að umhverfið og samfélagið sem hún er í hverju sinni hafi mikil áhrif á líðan hennar og upplifun á heiminum. Það kemur til dæmis skýrt fram ef bornar eru saman frásagnir hennar af lífinu á fjórða áratugnum í Reykjavík og dvöl hennar í Danmörku seint á fimmta áratugnum. Lýsingarnar eru eins og svart og hvítt. Í Reykjavík er stéttaskiptingin greinileg, þar er atvinnuleysi, mikil fátækt, vont húsnæði og tíður barnadauði, svo fátt eitt sé nefnt. Aðstæður eru með öðrum orðum hryllilegar og skyldi því engan undra að þessum þætti bókarinnar ljúki á lýsingum á þunglyndi Málfríðar og vanlíðan.¹⁴⁵ Hún hefur hvorki stjórn á ytri aðstæðum né sinni eigin líðan. Frásögnin af verunni í Danmörku er af allt öðrum toga – þó að þar sé stéttaskipting líkt og á Íslandi – og mun jákvæðari þrátt fyrir að Málfríður þjáist af ýmsum kvillum. Málfríður lýsir til dæmis fallegri náttúru, segir frá góðu fólki sem hún umgengst og hælir dönskum læknum sem hlusta á hana og geta hjálpað henni. Sömuleiðis ræðir hún ýtarlega um ljósið sem lífgjafa og leggur þar með áherslu á að sér líði betur í Danmörku en á Íslandi.¹⁴⁶

Þess ber að geta að þegar Málfríður ræðir um líðan sína er það iðulega í samspili við birtu og skugga. Það er að segja, þegar henni líður illa er þunglyndið sem hún kallar Svörtupísl sjaldnast langt undan og eru þá orð eins og ‚svartur‘, ‚grár‘, ‚grámi‘ og ‚dimma‘ algeng í lýsingum hennar. Aftur á móti eru birtan og ljósið algeng yrkisefni þegar henni líður betur. Í hugrænum kenningum um þunglyndi er því haldið fram að hugsun þunglyndra einkennist af skakkri túlkun á sjálfum sér, umhverfi sínu og framtíðinni. Túlkunin er oftast afar neikvæð og leiðir iðulega af sér önnur þunglyndiseinkenni eins og depurð, áhugaleysi og aðgerðarleysi. Það skiptir máli hvernig einstaklingur túlkar heiminn á ákveðnum tímamarki því það hefur áhrif á hvernig hann minnst túlkunarinnar; sé upplifun hans neikvæð er endurminning hans það einnig.¹⁴⁷ Endurminningar Málfríðar um Reykjavík á fjórða áratugnum og Danmörku á þeim fimmta eru kannski eins ólíkar og raun ber vitni af því að

¹⁴³ Sjá Morris 2001:58-59

¹⁴⁴ Í þessu samhengi má bæði benda á kenningu Peters Lewinsohns og kenningu Martins Seligmans um lært hjálparleysi. Sjá t.d. Joormann 2010:300

¹⁴⁵ Sjá Málfríður Einarsdóttir 1978:10-35

¹⁴⁶ Sjá Málfríður Einarsdóttir 1978:43-68

¹⁴⁷ Sjá Joormann 2010:298

umhverfið á þessum tveimur stöðum hefur valdið mismikilli streitu. Í Danmörku hefur Málfríður tækifæri til að hlúa að líkama sínum án þess að þurfa að hafa stöðugar áhyggjur af umhverfinu sem hún býr í og stöðu sinni í samfélaginu. Streituvaldar hafa fyrir vikið ekki verið eins miklir þar og í Reykjavík og sýn hennar á umhverfið og túlkun á því þar af leiðandi jákvæðari.

Í fyrrnefndri grein, „Narrative, Ethics and Pain“, kynnir Morris hugtakið að hugsa í sögum (e. *thinking with stories*) sem hann fær að láni frá félagsfræðingnum Arthur W. Frank. Hann útskýrir hugtakið á þá lund að það feli í sér ferli sem er allskostar ólíkt því sem flestir telja að felist í hugsun. Morris heldur því fram að hugsun sé ekki eingöngu rökleiðsla sem nái til ýmissa hugrænna ferla eins og til að mynda minnis heldur ályktar hann að hún spanni jafnframt tilfinningar. Hugtakinu að hugsa í sögum er ætlað að standa gegn og breyta þeirri ríkjandi hugsun Vesturlandabúa að hugsa um sögur. Að hugsa um sögur sýnir frásögnina sem einskonar hlut sem veldur því að sá sem hugsar og hugsunin sjálf eru eins og óskyld fyrirbæri. Sé hins vegar hugsað í sögum hugsar einstaklingurinn ekki um frásögnina sem slíka heldur leyfir henni að orka á sig.¹⁴⁸ Skilningur af þessu tagi getur hjálpað til við að kanna hvaða sögur hafa áhrif á fólk og í hversu miklum mæli. Morris telur að ferlið að hugsa í sögum sé stórlega vanrækt og vill þar af leiðandi kanna hvaða áhrif það hefur á einstaklinga.¹⁴⁹

Þar sem sársauki er svo óáþreifanlegur og misjafn eftir einstaklingum getur reynst afar flókið og erfitt að miðla honum. Þó svo það kunnir að sjást utan á einstaklingi að honum líði illa er ekki endilega hægt að sjá hvort hann verkjar. Það liggur því í augum uppi að frásögnin er sá þáttur sem skiptir hvað mestu máli til að auka skilning annarra á sársauka.¹⁵⁰ Elaine Scarry segir í bók sinni *The Body in Pain* (1987) að það sé misjafnt hversu sterkt frásagnir af sársauka orki á fólk. Ef um sársauka annarra sé að ræða sé algengt að menn leiði hugann að honum um stund en síðan ekki meir.¹⁵¹ Hún bendir jafnframt á að þrátt fyrir að fólk leggi sig fram um að skilja þjáningu annarra geti það aldrei skilið hana til fulls; því sé hins vegar samt að efast um sannleiksgildi sársaukafrásagna.¹⁵² Það virðist einnig skipta máli hver segir frá. Lýsingar Málfríðar bera til dæmis með sér að samfélagsleg staða hennar hefur haft áhrif á að

¹⁴⁸ Sjá Morris 2001:55 – Verk Franks sem Morris sækir til er *The Wounded Storyteller: Body, Illness and Ethics*.

¹⁴⁹ Sjá Morris 2001:56

¹⁵⁰ Sjá Morris 2001:65

¹⁵¹ Þess má geta að í bókinni *Um sársauka annarra* ræðir Susan Sontag á svipaðan hátt um áhrif fréttaljósmynda af stríðshörnungum á fólk. Hún er þeirrar skoðunar að menn séu almennt fremur ónæmir gagnvart sársauka annarra. Sontag 2006

¹⁵² Sjá Scarry 1987:3-7

menn hlustuðu ekki á hana sem skyldi þegar hún ræddi um veikindi sín og sársauka.¹⁵³ Kjarnaatriði í umfjöllun um sársauka er hinsvegar ekki einungis hver segir frá heldur einnig hvernig frásögninni er hagað. Naumast þarf að draga í efa að Málfríður hafi haft jafnmikið vald á frásögnum þegar hún sagði læknum frá hvernig henni leið og seinna þegar hún felldi þær á blað og talaði til lesenda. En líkt og skáldskapur er talinn hreyfa meira við fólki en stöðugar frásagnir fréttamanna af þjáningum annarra þá má kannski líka gera ráð fyrir að læknar verði ónæmir fyrir sífelldum frásögnum sjúklinga.¹⁵⁴ Einnig verður þó að hafa hugfast að framkoma lækna við skjólstæðinga tók stakkaskiptum á tuttugustu öld. Læknar sem komu heim til Íslands á áttunda áratug tuttugustu aldar með sérmenntun í heimilislækningum voru með öðrum orðum þjálfaðir í að koma öðruvísi fram við sjúklinga en læknar fjórða áratugarins. Það er þó jafnvel enn styttra síðan að menn fóru virkilega að gefa umræðu um sársauka sérstakan gaum. Rannsókn sem gerð var í Bretlandi árið 1988 leiddi í ljós að í fjórum háskólum þarlendis var engin kennsla um sársauka í læknisfræðinámi og í öðrum háskólum fengu læknanemar að meðaltali þriggja tíma kennslu um sársauka á fimm ára tímabili.¹⁵⁵

Þar sem sársauki er svo illskilgreinanlegur ætti ekki að koma á óvart að menn leiti einatt til líkinga þegar þeir ræða um hvernig sársauki orkar á þá. Elaine Scarry tiltekur tvær líkingar sem hún segir að komi hvað oftast fyrir í lýsingum manna á verkjum sínum. Annars vegar er rætt um vopn sem skaðar og veldur sársaukanum og hins vegar um ákveðna líkamsáverka sem eiga að gefa hugmynd um líðan einstaklings. Um líkingarnar vitna lýsingar á borð við ‚mér líður eins og verið sé að stinga mig með hníf í síðuna‘, jafnvel þótt enginn hnífur sé til staðar, og ‚mér líður eins og öll bein í handleggnum séu brotin og þau stingist út í gegnum húðina‘ þó svo að handleggurinn sé óbrotinn og húðin þar með vitaskuld ekki eins og gatasigti.¹⁵⁶

Í greininni ‚Myndir meina. Um læknávísindi, sjúkdóma og myndhörf‘ (2006) flokkar Guðrún Lára Pétursdóttir líkingar um líkamann og þá sjúkdóma sem geta herjað á hann í þrjá flokka: 1) líkingar sem byggja á útlíslíkindum, 2) líkingar sem lýsa aðstæðum og 3) líkingar sem byggja á eðlislíkindum. Guðrún Lára bendir á að ýmis fyrirbæri falli í fleiri en einn flokk og stundum kunni það að vera erfiðleikum háð að flokka eftir þessu kerfi.¹⁵⁷ Annar flokkurinn

¹⁵³ Í þriðja kafla var til dæmis rætt um afstöðu íslenskra lækna gagnvart Málfríði. Svipuð afstaða ríkti jafnframt þegar hún reyndi að bjóða mönnum að lesa grein sem hún hafði þýtt um nýtt berklalyf; enginn sýndi áhuga en fjórum árum síðar var byrjað að nota lyfið með ágætum árangri. Sjá Málfríður Einarsdóttir 1978:22-23

¹⁵⁴ Sjá t.d. Sontag 2006

¹⁵⁵ Sjá Morris 2001:72

¹⁵⁶ Sjá Scarry 1987:15

¹⁵⁷ Sjá Guðrún Lára Pétursdóttir 2006:40

rímar best við líkingarnar sem Scarry nefnir í sinni umfjöllun en um þann flokk segir Guðrún Lára: „Innan þessa flokks má greina tvær ólíkar tilhneigingar. Annars vegar er dregin upp mynd þar sem líkt er eftir athöfnum annarra og hins vegar mynd sem lýsir afstöðu einstaklingsins gagnvart umheiminum.“¹⁵⁸ Það er með öðrum orðum algengt að innan þessa flokks megi bera kennsl á líkingar sem lýsa árás einhvers utanaðkomandi, veru eða afls, og líkinga sem vísa til upplifunar einstaklings á sjálfum sér í heiminum.¹⁵⁹

Lýsingar Málfríðar á sjúkdómum sínum og sársauka eru ríkar af líkinganotkun. Oft beitir hún árásarmyndmáli og stundum persónugerir hún veikindi sín. Í því samhengi er fróðlegt að kanna hvernig hún lýsir Svörtupísl eða þunglyndi sínu en það er meginviðfangsefni næsta kafla. Líkingarnar sem Málfríður notar í lýsingum á Svörtupísl eru bæði áhrifaríkar og margræðar en af þeim sökum verður sjónum beint sérstaklega að þeim lýsingum sem hverfast um þunglyndi Málfríðar en minna að öðrum veikindalýsingum.

IV.II „Af allri písl og kvalræði er Svartapísl verst því hún étur sálina“

Í *Úr sálarkirnunni* má finna margvíslegar lýsingar á ónotum Málfríðar og vanlíðan og þá ekki síst vegna Svörtupíslar. Lýsingar á Svörtupísl eru alltíðar. Eitt af því sem sýnir listfengi Málfríðar er að hún segir aldrei nákvæmlega til um fyrir hvað sú písl stendur heldur eiga lesendur að ráða í það en eins og fram hefur komið er hér litið svo á að um þunglyndi sé að ræða. Fyrsta vísbendingin sem mælir með því er nafngiftin, en „myrkur“ eða „sorti“ er sú líking sem algengast er að menn noti þegar þeir lýsa og greina þunglyndi.¹⁶⁰ Líkingin vísar til þess að sá þunglyndi lifi í myrkri eða í heimi án birtu, hann sér ekki fram úr aðstæðum heldur upplifir sig vanmáttugan og einangraðan.¹⁶¹ Heitið Svartapísl er ævinlega ritað sem sérnafn. Sú staðreynd og svo hitt að nafnið er samsett úr tveimur liðum þar sem annar vísar til sorta og hinn til kvala undirstrikar að sársaukinn sem píslin veldur sé sá versti sem Málfríður upplifir.

Oftar en ekki finnur Málfríður fyrir þungslum á sama tíma og líkamlegum verkjum. Í lýsingum hennar á bæði Svörtupísl og öðrum kvölum eru stríðslíkingar sjaldnast langt undan, eins og þær sem Scarry og Guðrún Lára ræða um. Til dæmis koma þær fyrir í kaflanum „Þrek í þrautum“ en þar segir Málfríður að Svartapísl eigi þátt í að viðhalda ýmsum eymslum sem kunni að lagast þegar hún hverfur á braut; en hún tekur svo til orða:

¹⁵⁸ Guðrún Lára Pétursdóttir 2006:42

¹⁵⁹ Sjá Guðrún Lára Pétursdóttir 2006:42-43

¹⁶⁰ Sjá Dagný Kristjánsdóttir 1999:339-340

¹⁶¹ Sjá t.d. Dagný Kristjánsdóttir 1999:340, Lakoff, Espenson og Schwartz 1991:193 og Snyder 2004:348

Stundum heldur maður að þrekið sé lamað, það er þegar Svartapísl og hnésbótamagnleysið leggjast á eitt um að reyna að fyrirkomu mér. En takist að hrekja Svörtupísl (það geta galdrakonur einar) þá getur hnésbótamáttleysi horfið einnig og er þá skammt í fullan bata nema maður eitri fyrir sér hið andlega andrúmsloftið innan í sjálfum sér með rógstöfum blöndnum táli, upprifjun ömurlegustu atvika, messi þannig yfir sjálfum sér liðlangan daginn, það má kallast „Svartamessa“.¹⁶²

Punglyndið og hnésbótamagnleysið eru samtvinnuð í texta Málfríðar en hvorttveggja sér hún fyrir sér sem óvin og stríðsmann sem í sameiningu gera tilraunir til að ryðja henni úr vegi. Algeng líking um þunglyndi er að ræða um áhrif þess sem „þyngsli“. Það felst vissulega í orðinu sjálfu; að vera þung-lyndur en jafnframt er talað um að mönnum sé þungt í huga og/eða í sinni.¹⁶³ Þyngsli felast einkum í því að fólk upplifir sig eins og það sé lamað eða máttlaust. Málfríður sækir í þessa líkingu þegar hún segir að þrek sitt sé lamað. Með öðrum orðum orkar hugarvilið ásamt hnésbótamagnleysinu þannig á hana að hún á erfitt með allar hreyfingar vegna orkuleysis. Málfríður bendir sjálf á að neikvæðar hugsanir og sjálfstal geti viðhaldið Svörtupísl en það kallast á við þekkta kenningu sálfræðingsins Aarons Becks sem hélt því einmitt fram að meginástæða þunglyndis væru neikvæðar skoðanir þess þunglynda á sjálfum sér og heiminum öllum.¹⁶⁴

Í frásögninni segir Málfríður að „galdrakonur einar“ geti hrakið Svörtupísl burtu en um leið sendir hún hefðbundnum lækningum þunglyndis eins og lyfja-, sálfræði- og raflostameðferðum langt nef. Íslenskir lækningar voru henni hvorki sérlega hjálpsamir né hliðhollir svo ekki þarf að koma á óvart að hún leiti lækningar út fyrir heilbrigðisstéttina. Málfríður gefur ekki uppi hverjar galdrakonurnar eru sem geta hjálpað henni en að öllum líkindum á hún við vinkonur sínar. Í fyrirlestri um Málfríði segir Guðný Ýr Jónsdóttir nefnilega að sá leikur hafi verið þeirra á milli að Málfríður hringdi til hennar þegar henni fannst sjóninni hraka og bað hana um galdur til að viðhalda sjóninni en hann lofaði Guðný ætíð að senda.¹⁶⁵ Þrátt fyrir að þunglyndið leggist á Málfríði, taki frá henni orku og viðhaldi ýmsum öðrum verkjum tengist áhrifamesta lækning þess, að hennar mati, einhverskonar leik og þar með kátínu. Raunar er meðferðarúrræði Málfríðar ekki eins óhefðbundið og nýstárlegt og kann að virðast við fyrstu sýn því það minnir á hugræna atferlismeðferð.¹⁶⁶ Sú meðferð er tvíþætt, annars vegar felst hún í því að menn læra að bera kennsl á neikvæðar hugsanir og breyta þeim í jákvæðar og hins vegar að breyta þeirri hegðun sem orsakar neikvæða

¹⁶² Málfríður Einarisdóttir 1978:31-32

¹⁶³ Sjá Dagný Kristjánsdóttir 1999:340

¹⁶⁴ Sjá Beck 2000:320

¹⁶⁵ Sjá Guðný Ýr Jónsdóttir 2011:3

¹⁶⁶ Hugræn atferlismeðferð er meðferðarform sem sameinar aðferðir hugrænnar meðferðar (e. *cognitive therapy*) og atferlismeðferðar (e. *behavior therapy*).

þankaganginn.¹⁶⁷ Málfríður hefur þegar áttað sig á að neikvæðar hugsanir viðhalda þunglyndinu og því sé rétt að reyna að sporna gegn þeim. Það gerir hún með því að notast við ímyndunaraflíð og ímynda sér að ‚galdrar‘ geti hjálpað henni en þannig vinnur hún einnig gegn því að festast í vondum hugsunum og um leið að Svartapísl hremmi hana.

Í kaflanum „Svartapísl“ eru fyrrnefndar stríðslíkingar mjög áberandi en þar segir Málfríður til að mynda frá árás bakteríanna:

Bakteríur sátu um mig og skemmdu mig og skemmdu, ætluðu að éta burt heil líffæri og voru stundum langt komnar í þessu sínu þökkalegu verki, þá tók ég kipp til varnar svo ekki er ég dauð enn.

[...]

Sagan af bakteríunum og mér það er löng saga, og þetta var hörð og löng barátta, tvísýn stundum, og fóru bakteríurnar í hvert líffærið á fætur öðru, og skemmdu þau öll, og aldrei mátti ég sjá glaðan dag á heilbrigðs manns vísu. Þetta var auðvelt að þola. Verra var að híma hundleið innan um allt þetta fólk.¹⁶⁸

Yfirskipaða hugtakslíkingin AÐ KLJÁST VIÐ VEIKINDI ER ORRUSTA¹⁶⁹ liggur textabrotinu til grundvallar en hún birtist í því að hugsað er um líkamann sem orrustuvöll þar sem sjúkdómur etur kappi við líkamann. Stríðslíkingarnar eru margvíslegar en til dæmis persónugerir Málfríður bakteríurnar sem hermenn og lýsir umsátri þeirra. Bakteríurnar og Málfríður minna á andstæðinga í stríði sem berjast um yfirráð yfir líkama hennar. Hvert líffæri er eins og ákveðið landsvæði sem ýmist er hægt að vinna eða tapa en það gera bakteríurnar og Málfríður til skiptis. Stríðið á það sameiginlegt með öllum öðrum stríðum að enginn stendur uppi sem sigurvegari. Bakteríunum tekst aðeins að veikja Málfríði en ekki fella. Að hennar mati eru líkamlegu verkirnir þó smáræði samanborið við hugarvilið sem hún má þola bæði samhliða og í kjölfarið. Það kemur því ekki á óvart að stríðslíkingar verði enn algengari og magnaðri í lýsingum hennar á Svörtupísl. Andspænis lýsingum Málfríðar á bakteríunum má ekki gleyma að pensilín er ekki komið til sögunnar¹⁷⁰ og því er hver atrenna hennar við þær bardagi upp á líf og dauða. Þrátt fyrir að umfjöllunarefni Málfríðar sé dauðans alvara – í bókstaflegri merkingu – þá tekst henni með húmornum að vinna gegn því að frásögnin verði hversdagsleg sjúkdómslýsing.

Í sama kafla, „Svartapísl“, gerir Málfríður greinarmun á þeim þjáningum sem hún hefur mátt þola vegna slysa annars vegar og erfða hins vegar, en við hvorugum þættinum gat hún spornað:

¹⁶⁷ Persona.is 2008

¹⁶⁸ Málfríður Einarsdóttir 1978:31

¹⁶⁹ Sjá t.d. Lakoff, Espenson og Schwartz 1991:176

¹⁷⁰ Pensilín kom fyrst á almennan markað árið 1944 en ætla má að það hafi tekið nokkurn tíma að berast til Íslands.

Fyrir utan Svörtupísli og máttleysin, eru ýmsar píslir líkamlegs eðlis sem ég hef orðið að þola: Ónotin í höfðinu eftir þungt fall af hestbaki níu ára sem skemmdi mig svo að síðan hefur hausinn aldrei orðið góður. Við þann haus hef ég samt orðið að búa alla tíð síðan, ekki átt kost á öðrum haus. Tærnar tvær sem einn bartskerari krukkaði í án þess að kunna það. Svo kom annar helmingi verri og krukkaði enn ver, og alltaf komu vondir skór og meiddu mig, og vondir tanngarðar og meiddu mig til óbóta, og vont ætterni og skemmdi í mér augun, og annað vont ætterni og lét hárið þynnast sem svo þykkt var í fyrstu og eftir því sítt.¹⁷¹

Þrátt fyrir alvarlegt umfjöllunarefni skín glettnin og írónían af textanum. Lýsingin á höfuðmeiðslum Málfríðar minnir í upphafi á hefðbundna lýsingu á slysi og sársaukaáhrifum þess. En í stað þess að lýsingin haldi áfram að vera hversdagsleg þjáningalýsing á eftirköstum slyss er hún hafin á annað og víðara svið þegar Málfríður segist ekki hafa átt „kost á öðrum haus“. Írónían beinist að samfélagi og menningu og ýtir undir að lesandi hugsar um ígræðslur hjarta og annarra undirstöðulíffæra og spyrji hvað sé uppistaða sjálfins (til dæmis höfuð fremur en hjarta?), hvað þurfi að skipta um mörg líffæri til að menn hætti að vera þeir sjálfir og annað í þeim dúr. Upptalningin sem kemur í kjölfarið beinir líka spjótum að samfélaginu; vondir skór og vondir „bartskerar“ eru fylgifyskar fátæktar og áhersla er lögð á langlífa stéttaskiptinguna með því að leggja til jafns erfðir og það sem af fátæktinni leiðir.

Í lok upptalningarinnar er fremur smellið að Málfríður skuli amast yfir hármissi sínum sem hefur engin áhrif á líkamlegt atgervi hennar og hreysti. En öllu gamni fylgir víst einhver alvara. Þó það sé skondið að Málfríður ræði um hárið á sér í þessu samhengi merkir það jafnframt að hún lítur svipuðum augum á hármissinn og önnur veikindi. Það skyldi raunar engan undra því hárið er eitt af þeim útlitseinkennum sem er hvað mest áberandi og flestir taka fyrst eftir. Hárið skipar stóran sess í sjálfsmynd fólks en það hefur meðal annars áhrif á hvernig menn skilgreina sjálfa sig og hvernig aðrir skilgreina þá.¹⁷² Til eru myndir af Málfríði frá árinu 1978 en á þeim sést að hár hennar hefur verið orðið ansi tjásulegt.¹⁷³ Hún notaðist enda við hárkollu sem vafalaust hefur gegnt því hlutverki að bæta sjálfsmynd hennar og „lækna“.

Birtingarmyndir þunglyndis og áhrif þess eru mjög mismunandi. Ástæður þess geta verið ýmsar en gróflega má greina þær í þrjá flokka: 1) líffræðilega þætti, 2) sálræna þætti og 3) félagslega þætti. Þessi flokkun er mikil einföldun þar sem þættirnir þrír leika iðulega saman þegar menn þjást af þunglyndi.¹⁷⁴ Það er eftirtektarvert að þegar Málfríður ræðir um Svörtupísl tengir hún hana við sálina og sækir þar með í gömlu kenninguna um tvískiptingu

¹⁷¹ Málfríður Einarsdóttir 1978:30-31

¹⁷² Sjá Heckert og Best 1997:365

¹⁷³ Sjá Guðbergur Bergsson 1990:404

¹⁷⁴ Sjá Rúnar Helgi Andrason og Engilbert Sigurðsson 2000

sálar og líkama og um leið í þá hugmynd að sjúkdómar séu annaðhvort líkamlegir eða andlegir. Skopið er beitt þegar hún, trúleysinginn, gerir gys að því að guð taki aðeins við heilum sálum en ekki sýktum:

Af allri þísl og kvalræði er Svartapísl verst því hún *étur* sálina, sál sem Svartapísl hefur *étið* vill guð ekki eiga, segir hana ónýta vera.

Lengi átti ég Svörtupísl og ætlaði mig lifandi að *drepa*, en svo hvarf hún á einni nóttu. Hún fór annað og ætlaði að *drepa* þann mann, dvaldist með þeim manni náttlangt. Löng nótt var það, já kvalanótt.¹⁷⁵ (leturbreyting mín)

Með stríðslíkingum dregur Málfríður upp mynd af herskáum óvini; Svartapísl er andstæðingur sem vill hana feiga. Í sömu mund er Svörtupísl og guði stillt upp sem andstæðum og þar með má líta á Svörtupísl sem púka, útsendara djöfulsins. Málfríður sækir þar með í gamalgrónar hugmyndir um tengsl þunglyndis og fjandans.¹⁷⁶ Nafn píslarinnar felur reyndar einnig í sér tengingu við djöfulinn því forliðurinn svarta- hefur verið tengdur bæði göldrum¹⁷⁷ og þunglyndi samanber orðin ‚svartagaldur‘ og ‚svartagall‘.¹⁷⁸ Með tengingunni fær lesandi enn frekari staðfestingu á að um þunglyndislýsingu er að ræða og að auki betri tilfinningu fyrir því hversu mikil skaðræðisskepna Svartapísl er og hve mikinn sársauka koma hennar boðar. En í sömu mund verður hún í krafti húmors Málfríðar einhvers konar frelsandi vera sem kemur blessunarlega [?!] í veg fyrir að sál Málfríðar lendi í himnaríki.

Þunglyndi er óútreiknanlegt. Svartapísl getur herjað á Málfríði hvenær sem er og hvar sem er:

Stundum reis þessi ófreskja upp af gólfinu í svo sem eins metra fjarlægð, kolgrá, illileg, eða með engan svip, gerði mér hvern stað að eyðistað (einu sinni Landsbókasafnið), hvern mann marklausan mér, stundirnar kvalræði, enginn staður sem flúið varð til, það er þetta sem franska skáldið (sem ég á ekkert í) er alltaf að lýsa, og segir ungmenni þau sem Fjandinn hefur náð á sitt vald, fremur kjósa sér slíka ólíðan en að verða að engu, þau sem skarta raunar fegurð sinni en eiga sér ekkert athvarf neins staðar nema hjá Fjandanum (eða eiturlyfjasprautunni).

Svo fór hún. Hvorki varð ég því fegin né ófegin, en sá sem þetta voðaböl tók á sig eina nótt, lagði fæð á mig síðan að ég held, útskúfaði mér.

Samt hefði mér orðið óhægt að lifa öll árin síðan með ófreskjuna nagandi mig sí og æ. Ugglaut væri ég að verða en engu orðin.¹⁷⁹

Lýsingin á Svörtupísl er hér nákvæmari en áður því í henni kemur enn betur fram hvernig Málfríður sér fyrir sér þunglyndið sem utanaðkomandi veru, óvætt eða óvin. Óhugnanleg útlitslýsing Svörtupíslar undirstrikar enn frekar erfiðleikana og vanlíðunina sem þunglyndið

¹⁷⁵ Málfríður Einarsdóttir 1978:33

¹⁷⁶ Sjá. t.d. Weyer 2000

¹⁷⁷ Geðveiki og þunglyndi var oft bæði tengt göldrum og djöflinum. Sjá t.d. Matthías Viðar Sæmundsson 2001

¹⁷⁸ Sjá Mördur Árnason 2002:1525

¹⁷⁹ Málfríður Einarsdóttir 1978:33-34

hefur í för með sér. Málfríður notar breytta endurtekningu til að leggja áherslu á þær kvalir sem hún hefur mátt þola og bendir á að þunglyndið hafi gert henni ókleift að lifa hefðbundnu lífi. Henni er bæði ómögulegt að njóta þess að vera í samneyti við annað fólk og gera sér vonir um að hún verði einhvern tímann óhult fyrir þunglyndinu. Í nákvæmri innskotssetningu bendir Málfríður sérstaklega á að eitt sinn hafi Svartapísl „gert árás“ á hana á Landsbókasafninu. Lífseig kenning um þunglyndi er að það tengist íhugun og djúpspeki en það hefur oft verið talið merki um andlega yfirburði og skapgerð hinna lærðu og gáfuðu.¹⁸⁰ Upplýsingarnar sem Málfríður gefur orka því írónískar þar sem þunglyndið, lærdóms- og gáfnaeinkennið, kemur í veg fyrir að hún geti nýtt sér besta bókasafn landsins og aukið þekkingu sína. Ekki er nóg með það heldur orkar Svartapísl eins og helgibrjótur á Landsbókasafninu. Undir lok textans segir Málfríður að Svartapísl hafi skilið við sig um stund og hún hafi hvorki orðið því fegin né ófegin. Orðum hennar fylgir sátt við að Svartapísl er hluti af henni og getur aldrei verið neitt annað, þó að hún valdi hvers kyns ama.¹⁸¹

Í *Úr sálarkirmunni* leiðir Málfríður rök að því að upprifjun minninga¹⁸² hafi meðal annars átt þátt í því að Svartapísl var ekki farin fyrir fullt og allt. Hún gerir einnig grein fyrir hvernig hægt er að hrekja píslina burt og segir:

Þessi Dauði Tími, sem Bókin því veldur að ekki fer úr minninu núna og allir horfnir sem þá voru til, hann hefur orkað svo á mitt sálaróljós að Svartapísl, hún er komin. Í gær fór hún og það var af því að gott barn kom með andlitið sitt í dagsljósinu, og heldur sig geta orðið kappakstursmann, bónda eða hver veit hvað, en kann ekki skil á einföldum hlutum í eldhúsi. (Barn þetta hið góða, talar vel).¹⁸³

Með því að stilla barninu og Svörtupísl upp sem andstæðum sækir Málfríður í rómantískar hugmyndir átjándu aldar manna um börn og tengsl þeirra við guð og náttúruna. Á þeim tíma töldu menn að engin erfðasynd fylgdi börnum; þau fæddust saklaus og væru nátengdari náttúrunni en þeir fullorðnu. Því var einnig haldið fram að eftir því sem börn eltust og fullorðnuðust fjarlægðust þau náttúruna og færðust nær siðmenningunni.¹⁸⁴ Ólíkt barninu var

¹⁸⁰ Sjá t.d. Radden 2000:9-12

¹⁸¹ Í textanum vísar Málfríður í franskt skáld en gerir þó enga frekari grein fyrir hvaða skáld það er. Vísunin gæti verið í Charles Baudelaire (1821-1867) en hann orti gjarnan um þunglyndi sbr. ljóðið „Spleen“ sem í íslenskri þýðingu kallast „Ami“. Önnur þýðing á orðinu spleen er ‚milta‘ en samkvæmt vessakenningu Grikkja voru menn þunglyndir ef þeir höfðu of mikið af svartagalli miðað við aðra vessa. Svartagallið var tengt lifrinni en einnig miltanu; sem skýrir nafngiftina á ljóði Baudelaire. Sjá Erlingur H. Halldórsson 2008:695 og Geir Þ. Þórarinnsson 2011

¹⁸² Í greininni „Cognitive Aspects of Depression“ bendir Jutta Joormann á að oft geti upprifjun erfiðra minninga leitt til leiða eða þunglyndis. Sjá Joormann 2010:301

¹⁸³ Málfríður Einarsdóttir 1978:30

¹⁸⁴ Sjá Katrín Jakobsdóttir 2008:46 Vert er að nefna að aðal kennismiður þessarar hugmyndar er Jean-Jacques Rousseau (1712-1778) en á 18. öld andmælti hann hinni kristnu hefð þar sem börn voru álitin óvitar og þar með ginnkeyptari fyrir syndinni en þeir fullorðnu sem höfðu öðlast þekkingu á guði. Um þessar hugmyndir má meðal

fullorðni einstaklingurinn sá sem var skynsamur og rökréttur, hann var syndum hlaðinn og hafði fjarlægst náttúruna og guð.¹⁸⁵ Barnið í textanum stendur fyrir hið hreina og saklausa andspænis Svörtupísl, hinu illa, svarta og djöfullega. Málfríður gleðst yfir nærveru barnsins og sakleysi þess og því víkur þunglyndið frá um stund. En þegar textinn er skoðaður betur reynist skýringin vera önnur en sakleysi barnsins því eins og venjulega kemur húmor Málfríðar til sögu. Barnið er kannski ekki eins saklaust og ætla mætti því um leið og Málfríður er búin að draga fram kosti þess þá kemur glettin greining hennar á barninu sem dreymir um að verða allt milli himins og jarðar en ræður þegar upp er staðið ekki við einföldustu hluti. En kannski er það líka hrifning hennar á barninu sem segir svo vel frá sem hrekur Svörtupísl burt.

Hér hefur verið fjallað um fáeinar lýsingar Málfríðar á því hvernig hún upplifir veikindi og þá einkum þunglyndi. Af þeim dæmum sem tekin hafa verið er ljóst að frásögnin skiptir höfuðmáli þegar Málfríður segir frá þunglyndi sínu (og öðrum veikindum) en til þess að menn átti sig á hvaða áhrif það hefur haft á hana notar hún einkum stríðslíkingar og vísanir í þekktar hugmyndir um þunglyndi. En frásagnirnar fá óvenjulega vídd og verða margræðari með húmornum; í krafti hans teflir Málfríður saman fleiri hugmyndum en blasa við í fyrstu. Það hrekkur því kannski skammt að nefna ákveðin stílbrigði í frásögn hennar. Það er samspil ólíkra þátta sem gerir frásögnina eins víða og raun ber vitni. Málfríður passar sig ævinlega á að þjáningin verði aldrei allsráðandi í textanum heldur notast hún iðulega við húmor. Þannig tekst henni að vega upp á móti alvarleika málsins í sömu mund og hún ýtir við skynjun lesanda, sem fyrir vikið verður ekki eins ónæmur gagnvart sársauka hennar.

Þess ber að geta að frásögnin er ekki eina listformið sem Málfríður beitti til að miðla sársauka því alla tíð saumaði hún út myndir og er sumum þeirra beinlínis ætlað að sýna þjáningar hennar. Myndefni Málfríðar er allt annað en hefðbundið. Í viðtali við Þórunni Sigurðardóttur frá árinu 1982 segir hún: „Ég teikna sjálf megnið af þessum ófreskjum sem ég sauma, einstaka krossfiski hef ég þó stolið og Svavar Guðnason hefur teiknað ýmis kvikindi fyrir mig. Svo hef ég stækkað myndir eftir Kjarval og tekið upp gömul mynstur.“¹⁸⁶ Sumt af myndefni saumaskaparins sver sig í ætt við lýsingar á Svörtupísl en í *Samastað í tilverunni* kemur fram að Málfríður noti hannyrðirnar til að sauma frá sér fóbúurnar svörtu,¹⁸⁷ það er að

annars lesa í verki hans *Émile eða Um menntun* (*Émile ou de l'éducation*) sem kom út árið 1762 og fjallar um barnauppleði. Sjá Gottskálf Jenson 2008:604


¹⁸⁵ Sjá Sky 2002:368-369

¹⁸⁶ Þórunn Sigurðardóttir 1982:16-17

¹⁸⁷ Sjá Málfríður Einarsdóttir 2008:30

segja þunglyndið. Ljóst er að ekki skiptir máli hvort um er að ræða ritlist eða saumaskap, í báðum listformum myndgerir Málfríður þunglyndið sem svarta utanaðkomandi veru.¹⁸⁸

Það eru ekki einvörðungu svipaðar líkingar fyrir þunglyndi, Svartapísl og svörtu fóbíurnar, sem kallast á í mismunandi listformum heldur einnig tilraunamennska Málfríðar á báðum sviðum. Kápumynd *Rása dægranna* fangar vel listsköpun Málfríðar en hún er af



útsaumi hennar. Myndin sjálf er tilraunakennd eins og frásagnir bókarinnar en hún er, eins og *Úr sálarkirnunni*, samansafn margra ólíkra texta um ýmis málefni ritað á sérstakan og óhefðbundinn hátt. Erfitt er að segja til um af hverju útsaumsmynd Málfríðar nákvæmlega er. Sjálfri hafði mér dottið í hug að um teygjudýrið amöbu væri að ræða sem teygði anga sína víða og gæti tekið á sig hinar ýmsu myndir – og fannst mér þá myndin kallast ansi vel á við efni bókarinnar. Sú túlkun er hinsvegar kolröng því samkvæmt Málfríði sjálfri sýnir myndin „skemmda nýrað“ hennar.¹⁸⁹ Með öðrum orðum er útsaumsmyndin í hópi þeirra verka sem Málfríður hefur gert til að myndgera veikindi sín og sauma frá sér sársaukann. Myndin er

öðrum þræði ákall en á hægra nýranu – sem ætla má að sé það skemmda – má greina alþjóðlega neyðarkallið; SOS. Neyðarkallið kann að vísa til sársauka Málfríðar og um leið vilja hennar til þess að á sig sé hlustað og lýsingum hennar á sársauka og veikindum trúað. Í sömu mund er það frekar smellið að hugsa til þess að skemmt nýra „hrópi á hjálp“. Litavalið á nýrunum er líka fyndið en þau eru í grænum tón sem er í algjörri andstæðu við raunverulegan lit nýrna, rauðbrúnan. Litavalið kallar óhjákvæmilega fram í hugann spurningar á borð við: ‚hvers vegna eru nýrun græn en ekki í einhverjum öðrum lit?‘ og ‚eru þau kannski farin að mygla?‘

Í greininni „Um strammaskáldskap Málfríðar“ (1986) ræðir Ingunn Þóra Magnúsdóttir um hannyrðir Málfríðar, frænku sinnar. Þar kemur meðal annars fram að Málfríði hafi þótt gaman af að láta fólk geta hvað væri á útsaumsverkum hennar.¹⁹⁰ Hún hefur þá litið á

¹⁸⁸ Þess má til gamans geta að í viðtali við Steinunni Sigurðardóttur segir Málfríður að ekkert sé líkt með strammaskáldskap og hefðbundnum skáldskap eða: „Strammaskáldskapurinn er mestallt andlaus vinna við uppfyllingu.“ Steinunn Sigurðardóttir 1977:3

¹⁸⁹ Sjá Ingunn Þóra Magnúsdóttir 1986:219

¹⁹⁰ Sjá Ingunn Þóra Magnúsdóttir 1986:219

viðtökurnar sem einhvers konar leik eða skemmtun. Það er ljóst að Málfríður miðlar ekki einvörðungu svipuðu efni í ólíkum listformum, útsaumi og frásögnum, heldur ætlar hún þeim áþekkt hlutverk; það er að verkin fái viðtakendur til að hugsa, velta fyrir sér og álykta. Húmorinn gegnir sama hlutverki í útsaumsmyndunum, sem sýna veikindi Málfríðar, og í frásögnum hennar af sama meiði; hann víkkar út merkinguna og kemur í veg fyrir að þjáningin ein sé allsráðandi.

V Lokaorð

Í umfjölluninni hér að framan hef ég rætt um ýmsar kenningar sem gott er að sækja til þegar kemur að því að skoða áhrif líkamsmótunar vitsmunanna á frásagnir. Í tengslum við þessar kenningar hefur meginviðfangsefni mitt verið rithöfundurinn Málfríður Einarasdóttir og verk hennar *Úr sálarkirnunni*. Með umfjöllun um Málfríði sjálfa og dæmum úr bók hennar hef ég varpað ljósi á hvernig hún sviðsetur sig í verkinu, ekki síst út frá líkama sínum, þegar hún ræðir bæði um samfélagsstöðu sína og veikindi.

Þegar *Úr sálarkirnunni* og samstarf Málfríðar og útgefanda hennar, Sigfúsar Daðasonar, er skoðað í ljósi nýlegra kenninga um höfund, söguhöfund og sögumann, er sýnt að sögumannshugtakið er óþarft við greiningu textanna en söguhöfundarhugtakið má ekki missa sín. Skipulagið í bókinni ræðst með öðrum orðum jafnt af útgefandanum, Sigfúsi, og höfundinum, Málfríði, en röddin í textanum er ávallt Málfríðar – þó að samspil eininga kunni á stundum að gefa henni sviðsmót Sigfúsar. Og það er einmitt röddin sem er lykilatriði í verkinu því að hún tengist jafnt tilteknum líkama og huga og tiltekinni reynslu, en samspil þessa þrenns á ekki síst þátt í að móta textana í *Úr sálarkirnunni* og um leið upplifun lesandans af þeim.

Málfríður notar meðal annars íróni, líkingar og hugarlestur til að sýna á gagnrýninn hátt hvernig hún er frábrugðin öðrum og í sömu mund hvernig samfélagið aðgreinir hana frá því. Umfjöllunin um aðgreininguna sýnir hvernig Málfríður verður einskonar „stéttleysingi“ þegar hún flytur til Reykjavíkur. Ástæðan er sú að þar er henni hafnað af ríkjandi stétt sem er samhuga um að ýta henni á jaðar samfélagsins meðal annars vegna þess að hún er sjúklingur og kona sem hefur áhuga á að skrifa bækur. Hún fellur ekki inn í samfélagsgerðina og upplifir sig fyrir vikið utangarðs og á skjön við aðra. Það er kannski til marks um þrengsl og þröngsýni íslensks samfélags á þriðja áratug síðustu aldar að Málfríði líður betur í Danmörku en í Reykjavík en engu að síður aðgreinir hún sig þar frá öðrum og upplifir sig utangátta við samfélagið meðal annars vegna þess að hún á lítið undir sér, er útlendingur og sjúklingur. Líkingar og húmor leika einnig stórt hlutverk í öllum frásögnum Málfríðar af sjúkdómum hennar og veikindum, ekki síst þegar hún greinir frá Svörtupísl eða því þunglyndi sem hefur hrjáð hana. Með hvorutveggja víkkar hún út frásögn sína og dýpkar um leið skilning lesandans á líðan sinni.

Greining mín á völdum frásögnum Málfríðar með aðferðum hugfræðinnar hefur einnig dregið fram hversu margþættar frásagnirnar í *Úr sálarkirnunni* eru og hve áhrif þeirra á lesendur kunna að vera margvísleg; og þá ekki síst vegna húmorsins sem gegnsýrir þær. Lengi

vel var lestur sem tekur mið af hugarstarfssemi mjög lítils metinn í rannsóknum á bókmenntum en á hann leggja þeir sem fást við hugræna bókmenntafræði oftast áherslu. Ég er viss um að margt fer ofan garðs og neðan í túlkun og greiningu á verki Málfríðar ef ekki er haft auga á hvorutveggja í senn: textanum og lesandanum.

VI Heimildir

Árni Sigurjónsson. 1986. *Laxness og þjóðlífið*. Vaka Helgafell, Reykjavík.

Baudelaire, Charles. 2008. LXXXI. Ami (Spleen). *Sýnisbók heimsbókmennta*, bls. 695. Erlingur H. Halldórsson þýddi. Háskólaútgáfan, Reykjavík.

Beck, Aaron. 2000. Brot úr „The Paradoxes of Depression“ í Cognitive Therapy and Emotional Disorders. *The Nature of Melancholy*, bls. 314-323. Ritstjóri Jennifer Radden. Oxford University Press, Oxford, New York o.fl.

Benjamin, Walter. 2002. Eduard Fuchs, Collector and Historian. *Walter Benjamin. Selected writings. Volume 3, 1935-1938*, bls. 260 – 302. Ritstjórar Howard Eiland og Michael W. Jennings. Þýðendur Edmund Jephcott, Howard Eiland og fleiri. The Belknap Press of Harvard University Press, Cambridge, Massachusetts og London.

Bergljót Soffía Kristjánsdóttir. 2001. „...hvers leitar skiftingur þinn í rassgörn þessari?“ Fáeinar athugasemdir um skáld, skáldskap, háð og spé í *Gerplu. Heimur skáldsögunnar*, bls. 80-92. Ritstjóri Ástráður Eysteinnsson. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Bergljót Soffía Kristjánsdóttir. 2006. Er dáðin dáð og örlátu mennirnir örlátir? Tilraun um myndlestur. *Ritið* 2:13-32.

Bergljót Soffía Kristjánsdóttir. 2008. Að "lykta úr opinni Nifjakremsdós". Um hugræna bókmenntafræði og *Hverdagshöllina. Af jarðarinnar hálfu. Ritgerðir í tilefni af sextugsafmæli Péturs Gunnarssonar*, bls. 42-62. Ritstjórar Jón Karl Helgason og Torfi Tulinius. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Bergljót Soffía Kristjánsdóttir. 2010. Á kálfskinnsfrakka eða Arnaldur Indriðason og bókmenntaarfleiðin. *Skírnir* 184(haust):434–454.

- Bergljót Soffía Kristjánsdóttir. 2011. „Ég get ekkert sagt.“ Skáldskapur og hrun. *Ritið* 2:53-66.
- Bergljót Soffía Kristjánsdóttir. 2012. „Holdið hefur vit“ eða „Við erum ekki kúr á beit í haga skilnings og þekkingar“. Um líkamsmótað vitsmunastarf og hugræna bókmenntafræði. *Ritið* 1:13-41.
- Clark, Andy. 1999. An embodied cognitive science. *Trends in cognitive science* 3(9):345–351.
- Clark, Andy. 2008. Pressing the Flesh: A Tension in the Study of the Embodied, Embedded Mind? *Philosophy and Phenomenological Research* 76(1):37-59.
- Clark, Michael. 1970. Humour and Incongruity. *Philosophy* 47(4):20-32.
- Dagný Kristjánsdóttir, Elísabet Gunnarsdóttir, Helga Ólafsdóttir, Helga Sigurjónsdóttir og Silja Aðalsteinsdóttir. 1978. „Ég lærði mest af Matthildi og öðrum öskukellingum.“ *Þjóðviljinn*, 4. febrúar.
- Dagný Kristjánsdóttir. 1999. Hugsýki. *Undirstraumar*, bls. 326-342. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Eiríksína Kristbjörg Ásgrímsdóttir. 2005. *Mynd af Málfríði. Um viðtökusögu Málfríðar Einarsdóttur*. Óprentuð meistararitgerð í íslenskum bókmenntum. Háskóli Íslands.
- Freeman, Margaret H. 2009. Minding: feeling, form and meaning in the creation of poetics iconicity. *Cognitive poetics: goals, gains and gaps*, bls. 169-195. Ritstjórar Geert Brone og Jeroen Vandaele. Mouton de Gruyter, Berlin.
- Freyr Þormóðsson. 1988. Au og Tö. Stórfundur Félags áhugamanna um bókmenntir tileinkaður skáldkonunni Málfríði Einarsdóttur. *Helgarpósturinn*, 2. júní.

- Geir Þ. Þórarinsson. 2011. „Hver var forngríski læknirinn Galenos og hvert var hans framlag til læknisfræðinnar?“ *Vísindavefurinn*. Sótt 28. apríl 2013 af <http://visindavefur.hi.is/svar.php?id=60947>
- Gibbs, Raymond W. Jr. 2005. *Embodiment and Cognitive Science*. Cambridge University Press, Cambridge, New York, Melbourne og Madrid.
- Gottskálf Jensson. 2008. Jean-Jacques Rousseau. *Sýnisbók heimsbókmennta*, bls. 603-604. Ritstjóri Gottskálf Jensson. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Guðbergur Bergsson. 1990. Í þessu herbergi hefur búið doktor. (Míningar um Málfríði Einarsdóttur frá Munaðarnesi). *Skírnir* 164(haust):405-423.
- Guðný Ýr Jónsdóttir. 2011. Málfríður Einarsdóttir. Frábær rithöfundur og ógleymanleg persóna. Óbirtur fyrirlestur fluttur í mars 2011.
- Guðrún Lára Pétursdóttir. 2006. Myndir meina. Um læknávisindi, sjúkdóma og myndhvörf. *Ritið* 2:33-53.
- Halldór Guðmundsson. 1987. „Loksins, loksins“ *Vefarinn mikli og upphaf íslenskra nútímabókmennta*. Mál og menning, Reykjavík.
- Hákon Skúlason. 2002. *Ljóðapýðandinn Málfríður Einarsdóttir*. Óprentuð lokaritgerð í almenri bókmenntafræði. Háskóli Íslands.
- Heckert, Duran Maria og Amy Best. 1997. Ugly duckling to swan. Labelling theory and the stigmatisation of red hair. *Symbolic Interaction* 20(4)366-383.
- Herman, David. 2012. Authors, Narrators, Narration. *Narrative Theory. Core Concepts and Critical Debates*, bls. 44-50. The Ohio state University Press, Ohio.
- Hogan, Patrick Colm. 2003. *Cognitive Science, Literature, and the Arts. A Guide for Humanists*. Routledge, New York og London.

Inga Huld Hákonardóttir. 1978. Málfríðleikur. *19. júní*, 19. júní.

Inga Huld Hákonardóttir. 1979. Væri búin að skrifa meira: Hefði ég byrjað fimm ára eins og Dóri litli Laxness segir Málfríður Einarsdóttir áttæð. *Dagblaðið*, 25. október.

Ingunn Þóra Magnúsdóttir. 1986. Um strammaskáldskap Málfríðar. *Tímarit Máls og menningar* 47(2):215-225.

Ingunn Þóra Magnúsdóttir. 1989. Bréfin hennar Fríðu. *Tímarit Máls og menningar* 50(2):238-248.

Jakob Benediktsson. 2008. *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*. Bókmenntafræðistofnun, Reykjavík.

Joormann, Jutta. 2010. Cognitive Aspects of Depression. *Handbook of depression*, bls. 298-321. Ritstjórar Ian H. Gotlib og Constance L. Hammen. Önnur útgáfa. The Guilford Press, New York.

Jóhann Hjálmarsson. 1978. Sálarkirna sem rúmar margt. *Morgunblaðið*, 8. desember.

Jóhann Hjálmarsson. 1983. Barnið með mörgu nöfnin. *Morgunblaðið*, 22. desember.

Jónas Hallgrímsson. 1993. *Kvæði og laust mál*. Haukur Hannesson annaðist útgáfuna. Fyrra bindi. Iðunn, Reykjavík.

Jørgensen, Keld Gíall. 1990. Ég var sjónarvottur! Hvað gerðist? *Skáldskapamál 1*, bls. 264-286. Árni Sigurjónsson þýddi. Ritstjórar Gísli Sigurðsson, Gunnar Harðarson og Örnólfur Thorsson. Stafholt hf, Reykjavík.

Kania, Andrew. 2005. Against the Ubiquity of Fictional Narrators. *The Journal of Aesthetics and Art Criticism* 63(1):47-54.

- Katrín Jakobsdóttir. 2008. Villta barnið og siðmenningin. *Tímarit Máls og menningar* (1):46-56.
- Keen, Suzanne. 2011. Introduction. Narrative and the Emotions. *Poetics Today*, vor:1-49.
- Lakoff, George, Jane Espenson og Alan Schwartz. Október 1991 [ágúst 1989]. *Master Metaphor List*, Second Draft. University of California at Berkeley, Berkeley.
- Lakoff, George og Mark Johnson. 2003. *Metaphors We Live By*. University of Chicago Press, Chicago.
- Lägerkvist, Per. 1982. *Dvergurinn*. Málfríður Einarsdóttir þýddi. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Margolin, Uri. 2003. Cognitive Science, the Thinking Mind, and Literary Narrative. *Narrative Theory and the Cognitive Sciences*, bls. 271-294. Ritstjóri David Herman. CSLI Publications, California.
- Matthías Viðar Sæmundsson. 2001. Galdur og geðveiki. Um píslarsögur og galdrasóttir á sautjándu öld. *Píslarsaga séra Jóns Magnússonar*, bls. 343-419. Mál og menning, Reykjavík
- Málfríður Einarsdóttir. 1977. *Samastaður í tilverunni*. Ljóðhús, Reykjavík. [Endurpr. 2008. hjá Forlaginu, Reykjavík.]
- Málfríður Einarsdóttir. 1978. *Úr Sálarkirnunni*. Ljóðhús, Reykjavík.
- Málfríður Einarsdóttir. 1979. *Auðnuleysingi og Tötrughypja*. Ljóðhús, Reykjavík.
- Málfríður Einarsdóttir. 1981. *Bréf til Steinunnar*. Ljóðhús, Reykjavík.
- Málfríður Einarsdóttir. 1983. *Tötra í Glettingi*. Ljóðhús, Reykjavík.

Málfríður Einarsdóttir. 1986. *Rásir dægranna*. Ljóðhús, Reykjavík.

Morris, David B. 2001. Narrative, ethics, and pain. Thinking with stories. *Narrative* bls. 55 - 77.

Mörður Árnason. 2002. *Íslensk orðabók*. Edda, Reykjavík.

Nielsen, Henrik Skov. 2010. Natural Authors, Unnatural Narration. *Postclassical Narratology. Approaches and Analyses*, bls. 275-302. Ritstjórar Jan Alber og Monika Fludernik. The Ohio State University Press, Ohio.

Palmer, Alan. 2003. The Lydgate Storyworld. *Narratology beyond Literary Criticism*, bls. 151-172. Ritstjórar Jan Christoph Meister, Tom Kindt og Wilhelm Schernus. Walter de Gruyter, Berlin og New York.

Palmer, Alan. 2005. Intermental Thought in the Novel. The Middlemarch Mind. *Style* vetur 39(4):427-439.

Palmer, Alan. 2010. *Social minds in the novel*. Ohio State University Press, Ohio.

Persona.is. 2008. „Hvernig virkar hugræn atferlismeðferð og hvernig framkvæmir maður hana?“. *Vísindavefurinn*. Sótt 20. apríl 2013 af <http://visindavefur.hi.is/svar.php?id=25683>

Oatley, Keith. 2002. Emotions and the Story Worlds of Fiction. *Narrative Impact*, bls. 39-70. Ritstjórar M.C. Green, J.J. Strange og T.C. Brock. Lawrence Erlbaum Associates Inc, Mahvah.

Radden, Jennifer. 2000. *The Nature of Melancholy*. Oxford Univeristy Press, Oxford, New York o.fl.

Ragnheiður Kristjánsdóttir. 2008. *Nýtt fólk. Þjóðerni og verkalýðsstjórnsmál 1901-1944*. Háskólaútgáfan, Reykjavík.

- Ragnhildur Richter. 1994. „Þetta sem ég kalla „mig“, það er ekki til.“ Um sjálfsvævisögu Málfríðar Einarsdóttur. *Fléttur. Rit rannsóknastofu í kvennafræðum*, bls. 115-133. Ritstjórar Ragnhildur Richter og Þórunn Sigurðardóttir. Rannsóknastofa í kvennafræðum, Háskóli Íslands og Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Rannveig G. Ágústsdóttir. 1978. Sigur Málfríðar. *Dagblaðið*, 10. mars.
- Rannveig G. Ágústsdóttir. 1983. Málfríður með Tötru í Glettingi. *Dagblaðið*, 21. desember.
- Rannveig G. Ágústsdóttir. 1986. Brautryðjandinn síðbúni. *Dagblaðið*, 18. desember.
- Richardson, Brian. 2006. *Unnatural Voices. Extreme Narration in Modern and Contemporary Fiction*. The Ohio State University Press, Ohio.
- Richardson, Brian. 2012. Authors, Narrators, Narration. *Narrative Theory. Core Concepts and Critical Debates*, bls. 51-56. The Ohio state University Press, Ohio.
- Ritchie, David. 2005. Frame-Shifting in Humor and Irony. *Metaphor and Symbol* 20(4): 275-294.
- Rúnar Helgi Andrason og Engilbert Sigurðsson. 2000. Af hverju stafar þunglyndi? *Vísindavefurinn*. Sótt 1. apríl 2013 af <http://visindavefur.is/svar.php?id=1222>
- Scarry, Elaine. 1987. *The body in pain. The making and unmaking of the world*. Oxford University press, New York.
- Sigfús Daðason. 1978. Bréf til Guðnýjar Ýrar Jónsdóttur, 11. júní.
- Sigfús Daðason 1978. Bréf til Guðnýjar Ýrar Jónsdóttur, 1. júlí.
- Sigfús Daðason. 1983. Málfríður Einarsdóttir – Minning. *Morgunblaðið*, 4. nóvember.

- Sigfús Daðason. 1986. Eftirmáli útgefanda í Málfríður Einarsdóttir. *Rásir dægranna*. Ljóðhús, Reykjavík.
- Sigfús Daðason. 2008. *Ljóð 1947 – 1996*. JPV útgáfa, Reykjavík.
- Sigfús Daðason. Grænakompa. Óprentuð gögn.
- Sigrún Þorvarðardóttir. 1991. *Að skrifa sig. Um Samastað í tilverunni eftir Málfríði Einarsdóttur*. Óprentuð lokaritgerð í íslenskum bókmenntum. Háskóli Íslands.
- Sigurlaugur Brynleifsson. 1977. Tilvera Málfríðar Einarsdóttur. *Þjóðviljinn*, 20. desember.
- Sky, Jeanette. 2002. Myths of innocence and imagination. *Nature & Theology* 16(4):363 – 376.
- Snyder, C.R. 2004. Hope and depression: A light in the darkness. *Journal of social and clinical psychology* 23(3): 347-351.
- Solveig K. Jónsdóttir. 1982. *Sálir hittast í bókum. Um umfjöllunarefni, lífsviðhorf og persónulýsingar í sjálfsævisögulegum bókum Málfríðar Einarsdóttur*. Óprentuð lokaritgerð í íslenskum bókmenntum. Háskóli Íslands.
- Sontag, Susan. 2006. *Um sársauka annarra*. Uggi Jónsson þýddi. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Steinunn Sigurðardóttir. 1977. „Ég vildi ekki leika það eftir mér.“ *Vísir*, 11. desember.
- Sveinn Yngvi Egilsson. 2001. Náin kynni Guðbergs og Málfríðar. Um hjartað býr enn í helli sínum. *Heimur skáldsögunnar*, bls. 301-313. Ritstjóri Ástráður Eysteinnsson. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Svensen, Åsfrid. 1985. *Tekstens mønstre. Innføring i litterær analyse*. Universitetsforlaget, Osló. [Endurprentun 2004.]

- Weyer, Johann. 2000. Úr Of Deceiving Demons. *The Nature of Melancholy*, bls. 97-105. Ritstjóri Jennifer Radden. Oxford University Press, Oxford, New York o.fl.
- Wilson, Margaret. 2002. Six views of embodied cognition. *Psychonomic bulletin & review* 9(4):625-636.
- Yus, Francisco. 2003. Humor and the search for relevance. *Journal of Pragmatics* 35:1295-1331.
- Ziemke, Tom. 2002. Introduction to the special issue on situated and embodied cognition. *Cognitive Systems Research* 3(3):271-274.
- Ziemke, Tom. 2003. What's that Thing Called Embodiment? *Proceedings of the 25th Annual meeting of the Cognitive Science Society*, bls. 1305-1310. Mahwah, NJ: Lawrence Erlbaum.
- Zunshine, Lisa. 2006. *Why we read fiction. Theory of mind and the novel*. Columbus Ohio State Univ.
- Þorleifur Friðriksson. 2007. *Við brún nýs dags. Saga Verkamannafélagsins Dagsbrúnar 1906-1930*. Efling, stéttarfélag og Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Þórunn Sigurðardóttir. 1982. „Ég hallast helst að íslenskum hégiljum.“ *Þjóðviljinn*, 9. – 10. janúar.
- Örnólfur Thorsson. 2008. *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*, bls. 97. Ritstjóri Jakob Benediktsson. Bókmenntafræðistofnun, Reykjavík.

